

Frumvarp til laga

um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.

Frá utanríkisráðherra.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Markmið.

Markmiðið með lögum þessum er að:

- Mæla fyrir um framkvæmd þvingunaraðgerða sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum eða af ríkjahópum til að viðhalda friði og öryggi og/eða tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.
- Hindra fjármögnun hryðjuverka, mannréttindabrota og brota á mannúðarrétti, og útbreiðslu og fjármögnun geryðingarvopna.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um íslenska ríkisborgara og útlendinga sem geta sætt refsíabyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu. Íslenskir ríkisborgarar bera auk þess refsíabyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Lög þessi gilda um lögaðila sem skráðir eru eða stofnað er til samkvæmt íslenskum lögum hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Ef lögaðili er skráður eða til hans stofnað erlendis taka lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún á sér stað innan íslenskrar lögsögu.

3. gr.

Orðskýringar.

- Aðili:** Einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. ríkisstjórnir, fyrirtæki, samsteypur, stofnanir, sjóðir og samtök.
- Efnahagslegur auður:** Hvers kyns eignir, efnislegar jafnt sem óefnislegar, færanlegar eða ófæranlegar, sem eru ekki fjármunir en sem unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu.
- Eftirlitsaðilar:** Fjármálaeftirlitið og ríkisskattstjóri.
- Fjármunir:** Hvers kyns fjáreignir og ágóði, þ.m.t.:
 - reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
 - inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum aðilum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,

- c. fjármálagerningar sem verslað er með í og/eða utan viðskiptavettvanga, þ.m.t. hlutabréf og hlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, lán, ábyrgðir, skulda-
viðurkenningar og afleiðusamningar,
 - d. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem rekja má til eða myndast af
eignum,
 - e. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, áfangatryggingar eða aðrar
fjárskuldbindingar,
 - f. ábyrgðir, farmbréf og reikningar,
 - g. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni
 - h. hvers konar gerningar til að fjármagna útflutning.
5. *Fjármögnun hryðjuverka*: Fjármögnun hryðjuverka samkvæmt skilgreiningu laga um að-
gerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
 6. *Frysting efnahagslegs auðs*: Að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs
í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. með sölu, leigu eða veðsetningu.
 7. *Frysting fjármuna*: Að koma í veg fyrir hvers konar flutning, millifærslu, breytingu,
notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem mundi leiða til breyt-
inga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða
annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. eignastýring.
 8. *Gereyðingarvopn*: Kjarna-, efna, sýkla- eða eiturvopn eða burðarkerfi fyrir slík vopn,
sbr. lög um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit.
 9. *Skráður aðili*: Aðili sem hefur verið skráður á þvingunarlista samkvæmt lögum þessum.
 10. *Raunverulegur eigandi*: Hugtakið eins og það er skilgreint í 13. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga
um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.
 11. *Tilkynningarskyldur aðili*: Aðili sem fellur undir 2. gr. laga um aðgerðir gegn peninga-
þætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.
 12. *Útbreiðsla og fjármögnun gereyðingarvopna*: Þróun, framleiðsla, öflun, söfnun, notkun,
útveggun, eignarhald, flutningur, miðlun, viðskipti með eða varsla á gereyðingarvopnum,
sbr. 2. gr. reglugerðar um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi gereyðingarvopn, nr.
123/2009.
 13. *Yfirflug*: För loftfars um íslenska lofthelgi.

II. KAFLI

Þvingunaraðgerðir.

4. gr.

Þvingunaraðgerðir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórn skal gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að framkvæma ályktanir sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkir skv. 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og Íslandi er skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að þeim. Kynna skal slíkar ráðstafanir reglulega fyrir utanríkismálanefnd Alþingis.

5. gr.

Þvingunaraðgerðir alþjóðastofnana o.fl.

Ríkisstjórninni er heimilt, að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, sbr. lög um þingsköp Alþingis, að taka þátt í og gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að framkvæma ákvarðanir alþjóðastofnana, ríkjahópa eða samstarfsríkja um þvingunaraðgerðir

sem miða að því að viðhalda friði og öryggi, tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi, koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun og útbreiðslu geryðingarvopna.

6. gr.

Framkvæmd þvingunaraðgerða.

Heimilt er að innleiða fyrirmæli ályktunar um þvingunaraðgerðir skv. 4. og 5. gr. með reglugerð. Í þeim tilgangi getur reglugerð m.a. mælt fyrir um:

- a. bann við viðskiptum og fjárfestingum,
- b. bann við inn- og útflutningi, þ.m.t. á vopnum,
- c. frystingu á fjármunum og öðrum eignum,
- d. bann við samskiptum, þar á meðal fjarskiptum og menningarsamskiptum,
- e. landgöngubann og bann við ferðum farartækja,
- f. bann við að veita þjónustu og þjálfun,
- g. bann við að veita efnahagsaðstoð og tæknilega aðstoð,
- h. bann við starfsemi og þátttöku í atvinnulífi,
- i. bann við yfirflugi og hafnbann,
- j. bann við efndum krafna,
- k. aðrar aðgerðir sem ákveðnar eru til að viðhalda friði og öryggi, til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi, koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka og/eða fjármögnun og útbreiðslu geryðingarvopna.

Í reglugerð skal taka fram um hvaða ályktun er að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast.

Nú gefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða Evrópusambandið út lista yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða skv. 1. mgr. og er ráðherra þá heimilt í reglugerð að vísa til hans á vefsetri öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og telst það lögmæt birting. Í reglugerð er ráðherra heimilt að kveða á um að breytingar eða uppfærslur lista öðlist sjálfkrafa gildi við uppfærslu eða breytingar á vefsetri öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins.

Ráðuneytið skal halda skrár um þvingunaraðgerðir sem eru í gildi hér á landi og gegn hverjum þær beinast.

7. gr.

Réttindi og skyldur sem fara í bága við þvingunaraðgerðir.

Óheimilt er að efna samninga, eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við þessi lög og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi réttindi og skyldur stofnuðust fyrir eða eftir gildistöku viðkomandi reglugerðar nema annað sé tekið fram í henni.

Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. skal ekki leiða af sér skaðabótaskyldu.

8. gr.

Brotfall þvingunaraðgerðar.

Sé ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, ákvörðun eða ályktun alþjóðastofnunar eða ríkjahóps um þvingunaraðgerðir afturkölluð, fallin úr gildi eða eigi hún ekki lengur við skal ráðherra svo fljótt sem verða má fella úr gildi reglugerð sem kemur þvingunaraðgerðinni til framkvæmda.

9. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þvingunaraðgerð sem framkvæmd er með heimild í þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði þvingunaraðgerðarinnar.

III. KAFLI

Frysting fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við efnudum krafna.

10. gr.

Frysting fjármuna og efnahagslegs auðs.

Skylt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga þessara til að koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, svo sem afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslu, eignarskráningu sem og önnur viðskipti og hindra þannig að aðilar sem sæta frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs fái greiðslur í hendur eða geti nýtt fjármuni með öðrum hætti.

Þegar fjármunir og efnahagslegur auður er frystur tekur frystingin til fjármuna og efnahagslegs auðs sem í heild eða að hluta, beint eða óbeint, tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir og sem samkvæmt slíkum þvingunaraðgerðum skal sæta frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs. Frysting nær einnig til fjármuna og efnahagslegs auðs aðila sem koma fram fyrir hönd aðila sem sætir frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs.

Frysting fjármuna eða efnahagslegs auðs kemur ekki í veg fyrir að lagðir séu inn á reikninga sem hafa verið frystir:

- a. vextir eða aðrar tekjur af þessum reikningum,
- b. greiðslur samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem stofnað var til eða mynduðust áður en þvingunaraðgerðirnar voru ákveðnar.

Vextir, aðrar tekjur og greiðslur skv. 3. mgr. skulu jafnframt frystar.

Þeir sem fryst hafa fjármuni eða efnahagslegan auð, sbr. 1. mgr., skulu án tafar tilkynna eigendum, ráðherra og skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um slíkar ráðstafanir. Tilkynningarskyldir aðilar, sem sæta eftirliti skv. 1. mgr. 38. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, skulu einnig tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkar ráðstafanir. Tilkynningarskyldir aðilar, sem sæta eftirliti skv. 2. mgr. 38. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, skulu einnig tilkynna ríkisskattstjóra um slíkar ráðstafanir.

Frystir fjármunir eða efnahagslegur auður skal vera í vörslu þess aðila sem þeir voru hjá þegar frysting er framkvæmd nema ráðherra gefi fyrirmæli um annað.

Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur í góðri trú samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra skulu viðkomandi aðilar eða starfsmenn þeirra ekki vera bótaskyldir á nokkurn hátt vegna frystingarinnar.

Ráðherra heldur skrá yfir alla fjármuni og efnahagslegan auð sem hefur verið frystur á grundvelli laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

11. gr.

Undanþága frá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs.

Ráðherra getur heimilað að frystingu sé aflétt að því er varðar fjármuni eða efnahagslegan auð sem er:

- a. nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir viðkomandi einstaklings og aðstandenda á framfæri hans, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu íbúðarhúsnæðis eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b. nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda,
- c. ætlaður til greiðslu á samningsskuldbindingum sem stofnuðust áður en skylda til frystingar stofnaðist að því tilskildu að staðfest sé að:
 1. samningurinn tengist ekki fjárhagsaðstoð, hlutum, tæknilegri aðstoð eða þjónustu samkvæmt skilgreiningum þessara laga sem er óheimil samkvæmt reglugerðum settum á grundvelli þessara laga, og
 2. greiðslan, með beinum eða óbeinum hætti, berist ekki til aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir samkvæmt lögum þessum,
- d. eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu á kostnaði vegna lögfræðiþjónustu, og
- e. eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs.

Áður en veitt er undanþága frá frystingu fjármuna skv. 1. mgr. skal ráðherra, eftir því sem við á, leita álits eða tilkynna það til viðeigandi nefnda öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða stofnana þeirra með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara á því formi sem viðkomandi aðilar leggja til.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur frá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs, þ.m.t. um umsóknir og umsóknargögn.

12. gr.

Aflétting frystingar.

Hafi fjármunir ekki verið gerðir upptækir á grundvelli ákvæða almennra hegningarlaga skal aflétta frystingu þegar aðilar eru afskráðir af lista yfir þvingunaraðgerðir.

Ef staðfest er að fjármunir hafi verið frystir hjá aðila sem ber sama eða svipað nafn og aðili sem skráður er á lista yfir þvingunarráðstafanir skal ráðherra gefa fyrirmæli um að aflétta þvingunarráðstöfunum. Fylgja skal ákvæðum 23. gr. eftir því sem við á.

Um tilkynningar um afléttingu frystingar fer eftir 23. og 24. gr. eftir því sem við á.

13. gr.

Ráðstafanir vegna eftirlits með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir.

Tilkynningarskyldir aðilar skv. a–h-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, skulu hafa viðeigandi kerfi, ferla og aðferðir til að sinna eftirliti með því hvort viðskiptamenn þeirra og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá kröfu um slíkt kerfi sýni tilkynningarskyldur aðili fram á að markmiði laganna verði náð með ferlum og aðferðum.

Tilkynningarskyldir aðilar skv. i–s-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, skulu innleiða ferla og aðferðir til að meta hvort viðskiptamenn þeirra og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir.

Viðskiptamenn og raunverulegir eigendur skulu skimaðir gagnvart listum yfir þvingunar- aðgerðir í upphafi viðskipta og reglulega á meðan samningssambandið varir. Þá skulu aðilar sem eiga aðila að millifærslum fjármuna til og frá erlendum ríkjum skimaðir gagnvart listum yfir þvingunaraðgerðir.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu varðveita afrit af gögnum og upplýsingum sem staðfesta að skimun hafi farið fram og að lagt hafi verið mat á niðurstöðu skimunar skv. 3. mgr. í að lágmarki fimm ár frá því að samningssambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað.

Þegar grunur leikur á um að viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi hafi gert ráðstafanir til að komast hjá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs skv. 10. gr. skal tilkynningarskyldur aðili tilkynna þeim eftirlitsaðila sem fer með eftirlit með tilkynningarskylda aðilanum skv. 26. gr. um slíkt. Jafnframt skal tilkynningarskyldur aðili tilkynna skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og ráðherra um slíkar ráðstafanir.

14. gr.

Bann við efndum krafna.

Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga þessara, hafa áhrif á framkvæmd þeirra, beint eða óbeint, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar á móta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa eða ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a. einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem sæta banni við efndum krafna samkvæmt reglugerðum sem settar eru á grundvelli laga þessara eða
- b. einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem starfa í gegnum eða fyrir hönd aðila skv. a-lið.

Þegar mál er til meðferðar vegna fullnustu kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim aðila sem leitar eftir fullnustu kröfunnar.

Ákvæði þetta er með fyrirvara um rétt aðila sem um getur í 1. mgr. til að skjóta málum fyrir dómstóla sem skeri úr um lögmati þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga þessara.

IV. KAFLI

Landgöngubann og yfirflugsbann.

15. gr.

Landgöngubann.

Meina ber einstaklingi landgöngu eða gegnumferð í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga þessara.

Við skráningu einstaklings á lista yfir þvingunaraðgerðir vegna landgöngubanns skal, eins og við á, skrá fullt nafn aðila, dulnefni, kynskráningu, fæðingardag, fæðingarstað, búsetu, ríkisfang og vegabréfsnúmer. Upplýsingar skulu skráðar í samræmi við viðmið Alþjóðaflugmála- stofnunarinnar.

16. gr.

Undanþágur frá landgöngubanni.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá landgöngubanni þegar Ísland er skuldbundið að þjóðarétti sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða sem fram fer á þeirra vegum eða samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá landgöngubanni ef ferð er réttlætt af knýjandi mannúðarástæðum eða með þátttöku í fundum alþjóðlegra milliríkjastofnana þar sem fram fara pólitísk skoðanaskipti sem efla með beinum hætti stefnumarkmið þvingunaraðgerða, þ.m.t. að binda enda á alvarleg mannréttindabrot eða efla mannréttindi.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu ef koma eða gegnumferð er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram.

17. gr.

Yfirflugsbann og undanþága frá yfirflugsbanni.

Meina ber loftförum að fara í, úr eða í gegnum íslenska lofthelgi í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga þessara.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki ef um er að ræða nauðlendingu eða yfirflug á grundvelli neyðarástands.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá 1. mgr., þ.m.t. ef slíkt er réttlætt af knýjandi mannúðarástæðum.

V. KAFLI

Tilnefning á og afskráning af lista yfir þvingunaraðgerðir.

18. gr.

Rannsókn vegna tilnefningar á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Þrátt fyrir að grunur liggi ekki fyrir um refsivert athæfi er lögreglu heimilt að hefja rannsókn á aðila samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála ef réttmætur grundvöllur eða réttmætar ástæður eru til að ætla að hann uppfylli skilyrði fyrir skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 19., 20., eða 21. gr.

Rannsókn samkvæmt þessu ákvæði skal framkvæma án þess að þeim aðila sem rannsókn beinist að sé tilkynnt um hana.

19. gr.

Tilnefning á lista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna yfir þvingunaraðgerðir.

Ríkislögreglustjóri sendir ráðherra rökstudda tillögu um tilnefningu aðila á lista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna yfir þvingunaraðgerðir. Tillögunni skulu fylgja eftir því sem við á:

- a. niðurstöður rannsóknar, sbr. 18. gr.,
- b. gögn sem sýna fram á þátttöku, stuðning eða aðstoð tilnefnds aðila í átökum, brotum eða öðru sem er grundvöllur þvingunaraðgerðar,
- c. upplýsingar um aðferðir og fjármuni sem notaðir hafa verið í tengslum við átök, brot eða annað sem er grundvöllur þvingunaraðgerðar,
- d. önnur bein eða óbein sönnunargögn,
- e. nafn eða nöfn tilnefndra aðila eða aðrar upplýsingar sem kunna að varpa ljósi á hver hann eða þeir eru,
- f. upplýsingar um fæðingardag, fæðingarstað, búsetu og ríkisfang,

- g. upplýsingar um fjölskyldutengsl tilnefnds aðila,
- h. sakaskrá tilnefnds aðila og upplýsingar úr málaskrá lögreglu og
- i. upplýsingar um þá einstaklinga sem hafa yfirráð yfir lögaðila, ef um lögaðila er að ræða.

Áður en ráðherra tekur ákvörðun um tilnefningu skal hann ráðfæra sig við ráðherra viðkomandi málaflokks og kalla eftir frekari upplýsingum, sé þess þörf. Jafnframt skal ráðherra, eftir því sem unnt er, afla frekari upplýsinga frá því ríki þar sem aðili sem fyrirhugað er að tilnefna er búsettur og/eða hefur ríkisborgararétt og eftir atvikum frá alþjóða- og Evrópustofnunum.

Þrátt fyrir þagnarskyldu er öllum opinberum aðilum skylt að veita ráðherra upplýsingar við rannsókn mála samkvæmt þessu ákvæði.

Við mat á því hvort tilnefna eigi aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir skal ráðherra taka tillit til:

- a. atriða sem gefa til kynna hvers konar þátttöku, stuðning eða aðild aðilinn á að þeim átökum, brotum eða öðru sem er grundvöllur þvingunaraðgerðar,
- b. hvort höfðað hafi verið sakamál á hendur aðila sem fyrirhugað er að tilnefna vegna tengsla hans við átök, brot eða annað sem er grundvöllur þvingunaraðgerðar,
- c. gæða þeirra upplýsinga sem aflað hefur verið til að auðkenna aðila sem fyrirhugað er að tilnefna til að koma í veg fyrir að rangur aðili sé tilnefndur,
- d. tengsla við aðila sem þegar eru á lista yfir þvingunaraðgerðir,
- e. tegundar og gæða gagna sem sýna fram á tengsl við þau átök, brot eða annað sem er grundvöllur þvingunaraðgerðar, og
- f. annarra viðeigandi upplýsinga.

Tilnefna skal aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir ef réttmætur grundvöllur eða réttmætar ástæður eru fyrir tilnefningu hans. Sakamálarannsókn, ákæra eða sakfelling er ekki nauðsynleg forsenda tilnefningar. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun ráðherra um tilnefningu á lista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna yfir þvingunaraðgerðir.

Ráðherra tilkynnir viðeigandi nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um tilnefningu á því formi sem viðkomandi nefnd leggur til. Tilkynningu skulu fylgja öll viðeigandi gögn, þar á meðal upplýsingar um nafn tilnefnds aðila, aðrar persónugreinanlegar upplýsingar og forsendur og rökstuðningur fyrir tilnefningunni. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram hvort heimilt sé að upplýsa að Ísland sé tilnefningarríki.

Ráðherra skal árlega endurskoða tilnefningar á lista yfir þvingunaraðgerðir og grundvöll þeirra.

Ráðherra er heimilt að deila upplýsingum sem varða tilnefningu á lista yfir þvingunaraðgerðir með þeim erlendu stjórnvöldum sem hafa það hlutverk að tilnefna aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir. Sama á við um alþjóða- og Evrópustofnanir sem sinna málaflokknum.

20. gr.

Tilnefning á innlenda lista yfir þvingunaraðgerðir.

Tilnefning aðila á innlenda lista yfir þvingunaraðgerðir fer fram með sama hætti og tilnefning aðila skv. 19. gr., eftir því sem við á. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun ráðherra um tilnefningu á innlenda lista yfir þvingunaraðgerðir.

Hafi aðili verið skráður á lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 1. mgr. skal nafn viðkomandi aðila birt án tafar í reglugerð sem kveður nánar á um þvingunaraðgerðir.

Sé þess óskað að önnur ríki framfylgi þvingunaraðgerðum gagnvart aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 1. mgr., þ.m.t. frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs, skal ráðherra senda beiðni þess efnis til lögbærra stjórnvalda. Beiðninni skulu fylgja öll viðeigandi

gögn, þar á meðal upplýsingar um nafn tilnefnds aðila, aðrar persónugreinanlegar upplýsingar og forsendur og rökstuðningur fyrir tilnefningunni.

21. gr.

Tilnefning á lista frá öðrum ríkjum eða ríkjahópum.

Ráðherra tekur við beiðni um tilnefningu á lista yfir þvingunaraðgerðir frá öðrum ríkjum, ríkjasvæðum eða samböndum.

Aður en ákvörðun er tekin um skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir frá öðrum ríkjum, ríkjasvæðum eða samböndum skal ráðherra ráðfæra sig við ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara og gilda ákvæði 19. gr. eftir því sem við á, þar á meðal um rökstuðning og sönnunarkröfur. Slíkt samráð skal fara fram án tafar og afstaða til beiðninnar liggja fyrir eins fljótt og unnt er. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun ráðherra um tilnefningu á lista frá öðrum ríkjum, ríkjasvæðum eða samböndum.

Hafi aðili verið skráður á lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 1. mgr. skal nafn viðkomandi aðila birt án tafar í reglugerð sem kveður nánar á um þvingunaraðgerðir.

Ráðherra skal tilkynna þeim sem sendi beiðni skv. 1. mgr. hvort orðið hafi verið við beiðninni eða henni hafnað um leið og ákvörðun liggur fyrir.

22. gr.

Tilkynning um skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Hafi íslenskur ríkisborgari, einstaklingur sem búsettur er á Íslandi eða lögaðili með staðfestu á Íslandi verið skráður á lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 19. eða 21. gr. skal ráðherra eftir því sem unnt er:

- a. tilkynna um skráningu hans á lista yfir þvingunaraðgerðir, hvaða þvingunaraðgerðum hann sætir og áhrif þeirra,
- b. veita skráðum aðila þær upplýsingar sem heimilt er að veita um ástæður skráningarinnar,
- c. upplýsa skráðan aðila um rétt til að óska eftir afskráningu eða endurskoðun skráningarinnar, ef við á, þar á meðal hvert beina skuli slíkri beiðni,
- d. veita skráðum aðila aðrar viðeigandi upplýsingar og
- e. veita skráðum aðila upplýsingar um hvort og þá hvernig hægt er að óska eftir undanþágu frá þvingunaraðgerðum.

Ráðherra skal með sama hætti og kveðið er á um í 1. mgr. tilkynna öllum aðilum sem skráðir hafa verið á lista skv. 20. gr.

23. gr.

Endurskoðun ákvarðana um skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Aðilar sem telja sig ranglega tilgreinda á lista yfir aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn geta borið upp við ráðherra rökstutt og skriflegt erindi um að vera fjarlægðir af listanum. Þá getur ráðherra ákveðið að leggja fram beiðni hjá þar til bærum aðilum um að viðkomandi verði fjarlægður af listanum. Við slíka ákvörðun skal ráðherra gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Í erindi til ráðherra skv. 1. mgr. skal að lágmarki upplýsa um eftirfarandi:

- a. fullt nafn, kennitölu og lögheimili,
- b. upplýsingar um þá þvingunaraðgerð sem aðili telur sig ranglega tilgreindan vegna á lista yfir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum,
- c. rökstuðningur fyrir því hvers vegna aðili telur sig ranglega tilgreindan á lista og
- d. ef um lögaðila er að ræða skal auk upplýsinga í a–c-lið, upplýsa um hluthafa, stjórnendur, ÍSAT atvinnugreinaflokkun og helstu starfsemi lögaðilans.

Ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal liggja fyrir eigi síðar en 14 dögum eftir að fullnægjandi upplýsingar hafa borist frá aðila skv. 2. mgr. Fallist ráðherra ekki á beiðni aðila skv. 1. mgr., skal ráðherra leiðbeina viðkomandi um þau úrræði sem eru fyrir hendi.

Ef aðili vill ekki una ákvörðun um skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir getur hann höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar og skulu slík mál sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

Ákvörðunum um skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

24. gr.

Afskráning af lista yfir þvingunaraðgerðir.

Ráðherra skal óska eftir afskráningu aðila af lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 19. gr.:

- a. ef hann telur að skilyrði fyrir skráningu séu ekki lengur uppfyllt,
- b. hafi ráðherra í samræmi við 1. mgr. 23. gr. fallist á beiðni aðila um að fjarlægja aðilann af lista vegna rangrar tilgreiningar á lista yfir aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn,
- c. hafi dómstóll í samræmi við 4. mgr. 23. gr. komist að þeirri niðurstöðu að fella skuli skráðan aðila af lista yfir þvingunaraðgerðir eða
- d. skráður aðili er látinn.

Ráðherra skal fjarlægja skráðan aðila af lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 20. gr. ef einhver af þeim atriðum sem nefnd eru í 1. mgr. eiga við.

Ráðherra skal fjarlægja skráðan aðila af lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 21. gr. hafi tilkynning þess efnis komið frá skráningarríki, nema forsendur séu til að gefa út reglugerð skv. 20. gr.

Beiðni um afskráningu skv. 1. mgr. skal send viðeigandi nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á því formi sem hún leggur til.

Beiðni um afskráningu skv. 1. mgr. skulu fylgja þau gögn og upplýsingar sem viðkomandi nefndir krefjast, þar á meðal upplýsingar um skráðan aðila, forsendur og rökstuðningur fyrir beiðni um afskráningu og viðeigandi gögn sem sýna fram á að viðkomandi uppfylli ekki lengur skilyrði skráningar.

Hafi aðili verið afskráður af lista yfir þvingunaraðgerðir skal ráðherra án tafar tilkynna honum það. Ráðherra skal jafnframt senda tilkynningu þess efnis til stjórnvalda skv. 25. gr. og beina fyrirmælum til þeirra sem hafa frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í sinni vörslu, sbr. III kafla, um að aflétta frystingu þá þegar.

Ráðherra veitir leiðbeiningar um hvernig skráðir aðilar geta óskað beint eftir endurskoðun eða afskráningu af lista yfir þvingunaraðgerðir hjá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

25. gr.

Tilkynningar.

Ráðherra skal eins fljótt og unnt er tilkynna eftirlitsaðilum og eftir atvikum öðrum viðeigandi stjórnvöldum um:

- a. skráningu og allar breytingar sem verða á listum yfir þvingunaraðgerðir skv. 19.–21. gr.,
- b. afléttingu frystingar skv. 12. gr.,
- c. afskráningu af lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 24. gr.

Fjármálaeftirlitið skal án tafar framsenda allar tilkynningar skv. 1. mgr. til tilkynningar-skyldra aðila skv. a–k-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Ríkisskattstjóri skal án tafar birta allar tilkynningar skv. 1. mgr. á

aðgengilegan máta fyrir tilkynningarskylda aðila skv. 1–s-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.

VI. KAFLI
Eftirlit og samvinna.

26. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að tilkynningarskyldir aðilar sem falla undir 1. mgr. 38. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, fari að ákvæðum 10. og 13. gr. laga þessara. Um eftirlitið fer samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og þeim sérlögum sem um starfsemi eftirlitsskyldra aðila gilda.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með því að tilkynningarskyldir aðilar sem falla undir 2. mgr. 38. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, fari að ákvæðum 10. og 13. gr. laga þessara og getur sett nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins.

Í tengslum við eftirlit skv. 1. og 2. mgr. geta eftirlitsaðilar gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga hjá tilkynningarskyldum aðilum á þann hátt og svo oft sem þeir telja þörf á.

Í tengslum við eftirlit skv. 1. og 2. mgr. er aðilum skylt að láta eftirlitsaðilum í té án tafar allar upplýsingar og gögn sem eftirlitsaðilar telja nauðsynleg. Skiptir þá ekki máli hvort upplýsingarnar eða gögnin varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða annan aðila ef sá aðili, sem beiðninni er beint til, getur veitt upplýsingar um þætti sem varða eftirlit samkvæmt lögum þessum. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstaðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.

Aðilum sem beiðni skv. 4. mgr. er beint að er óheimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um beiðnina.

27. gr.

Samhæfing og samvinna stjórnvalda.

Samhæfing stjórnvalda vegna verkefna sem falla undir lög þessi skal fara fram í stýrihópi sem skipaður er í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þrátt fyrir þagnarskyldu aðila sem eiga sæti í stýrihópi er þeim heimilt að deila upplýsingum og gögnum sín á milli til þess að vinna að markmiðum laga þessara skv. 1. gr.

VII. KAFLI
Þvingunarúrræði og viðurlög vegna tilkynningarskyldra aðila.

28. gr.
Úrbætur.

Komi í ljós að tilkynningarskyldur aðili fylgir ekki ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra á grundvelli þeirra skulu eftirlitsaðilar krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

29. gr.

Dagsektir.

Eftirlitsaðilar skv. 26. gr. geta lagt dagsektir á tilkynningarskyldan aðila og aðila skv. 4. mgr. 26. gr. veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan frests skv. 28. gr. Dagsektir leggjast á þar til farið hefur verið að kröfum eftirlitsaðila. Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. á dag. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila.

Dagsektir skulu ákveðnar af Fjármálaeftirlitinu eða ríkisskattstjóra, eftir því sem við á. Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þótt aðilar verði síðar við kröfum eftirlitsaðila nema Fjármálaeftirlitið eða ríkisskattstjóri, eftir því sem við á, samþykki lækkingu eða niðurfellingu þeirra.

Ákvarðanir um dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

Innheimtar dagsektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

30. gr.

Stjórnvaldssektir.

Eftirlitsaðilar skv. 26. gr. geta lagt stjórnvaldssektir á tilkynningarskyldan aðila og eftir atvikum starfsmenn hans sem brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara, reglugerðum og reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 10. gr. um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, þar á meðal að verða ekki við fyrir-mælum um að frysta fjármuni og efnahagslegan auð, hvort sem er í heild eða að hluta, að tilkynna viðeigandi aðilum ekki um frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs, að tilkynna ekki viðeigandi aðilum um ráðstafanir til að komast hjá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs, að gera aðra fjármuni eða efnahagslegan auð, beint eða óbeint, tiltæk-an þeim aðilum eða gera þeim kleift að njóta góðs af fjármununum eða efnahagslegum auði.
2. 13. gr. um ráðstafanir til að meta hvort viðskiptamenn séu á listum yfir þvingunaraðgerðir og skjölun vegna slíkra ráðstafana.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t.:

- a. alvarleika brots,
- b. hvað brotið hefur staðið lengi,
- c. ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum,
- d. fjárhagsstöðu hins brotlega,
- e. ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti,
- f. hvort brot hafi leitt til taps fyrir þriðja aðila,
- g. hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins,
- h. samstarfsvilja hins brotlega,
- i. fyrri brota
- j. hvort um ítrekað brot er að ræða.

Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á tilkynningarskylda aðila skv. a–h-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, geta numið frá 5 millj. kr. til 800 millj. kr. Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á starfsmenn þeirra geta numið frá 500 þús. kr. til 625 millj. kr.

Þrátt fyrir 3. mgr. geta stjórnvaldssektir sem lagðar eru á tilkynningarskylda aðila skv. a–h-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, verið allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á tilkynningarskylda aðila skv. i–u-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, geta numið frá 500 þús. kr. til 500 millj. kr. Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á starfsmenn þeirra geta numið frá 100 þús. kr. til 125 millj. kr.

Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af Fjármálaeftirlitinu eða ríkisskattstjóra, eftir því sem við á, og eru þær aðfararhæfar. Sektor renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun álagningar þeirra skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lög-brot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Ef aðili brýtur gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum á grundvelli þeirra, og fyrir liggur að hann hafi hlotið fjárhagslegan ávinning af broti, er heimilt að ákvarða hinum brotlega sektarfjárhæð sem getur, þrátt fyrir ákvæði 3.–5. mgr., orðið allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur hins brotlega nemur.

Þegar brot á lögum þessum er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má leggja stjórnvaldssekt á lögaðilann án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðila. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig leggja stjórnvaldssekt á lögaðilann ef brotið var í þágu hans.

Eftirlitsaðilar skulu, eftir því sem við á, hafa samstarf um og samræma aðgerðir við beit-ingu viðurlaga.

31. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara, reglugerðir eða reglur sem settar eru á grundvelli þeirra eða ákvarðanir eftirlitsaðila sem á þeim byggjast er eftirlitsaðilum heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Eftirlitsaðilar setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

32. gr.

Eignaupptaka.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots samkvæmt lögum þessum. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða hluta.

33. gr.

Réttur til að fella ekki á sig sök.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta hefur aðili, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurn-ingum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Eftirlitsaðilar skulu leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

34. gr.

Frestur til að leggja á stjórnvaldssektir.

Heimild eftirlitsaðila til að leggja á stjórnvaldssektir fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar eftirlitsaðili tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

35. gr.

Málshöfðunarfrestur.

Vilji aðili ekki una ákvörðun eftirlitsaðila getur hann höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar né heimild til aðfarar samkvæmt henni.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar skv. 29. gr. innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir að málið hljóti flýtimeðferð er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar ákvörðunar skv. 29. gr. leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

Ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

36. gr.

Opinber birting viðurlaga.

Eftirlitsaðilar skulu birta á vef sínum stjórnsluviðurlög sem ákveðin eru í samræmi við 30. og 31. gr. Ákvarðanir skulu birtar eins fljótt og unnt er eftir að brotlegum aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðunina. Í tilkynningunni skal að lágmarki upplýsa um tegund og eðli brots og hver ber ábyrgð á brotinu. Ekki er skylt að birta upplýsingar um viðurlög ef brotið sætir enn rannsókn.

Ef birting skv. 1. mgr. veldur hlutaðeigandi aðila tjóni sem er ekki í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir eða birtingin verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins eða rannsóknarhagsmunum í hættu skal viðkomandi eftirlitsaðili:

- a. fresta birtingu þar til slíkar aðstæður eru ekki lengur fyrir hendi,
- b. birta upplýsingar um beitingu viðurlaga en fresta nafngreiningu þar til slíkar aðstæður eru ekki lengur fyrir hendi og
- c. ekki birta neinar upplýsingar ef birting skv. a- eða b-lið stefnir hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu eða ef réttmæti fyrir birtingu ákvörðunarinnar, samanborið við þá hagsmuni sem um ræðir, er minni háttar.

Eftirlitsaðilar skulu birta niðurstöður með sama hætti og greinir í 1. mgr. ef mál hefur verið höfðað til ógildingar á ákvörðun um beitingu stjórnsluviðurlaga.

Upplýsingar sem birtar eru skulu vera aðgengilegar á vef eftirlitsaðila að lágmarki í fimm ár. Persónuupplýsingar skulu þó ekki vera aðgengilegar lengur en málefnalegar ástæður krefjast samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Eftirlitsaðilar skulu birta opinberlega stefnu sem þeir fylgja við framkvæmd birtingar samkvæmt þessu ákvæði.

VIII. KAFLI

Viðurlög vegna brota gegn þvingunaraðgerðum.

37. gr.

Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni sem mælt er fyrir um í reglugerð skv. 1. mgr. 6. gr. eða boði eða banni skv. 7. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Hafi brot sem vísað er til í 1. mgr. verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera honum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmannur eða starfsmaður gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum.

Hafi ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnunar eða ríkjahóps um þvingunaraðgerðir verið afturkölluð eða sé hún fallin úr gildi þegar brot er framið verður refsingu ekki beitt samkvæmt þessum lögum.

38. gr.

Eignaupptaka og haldlagning.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og reglum settum á grundvelli þeirra. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða hluta.

Kveði reglugerð sett skv. 6. gr. á um upptöku eigna, tiltekinna eigna eða hluta sem eru í vörslu aðila sem skráðir hafa verið á lista yfir þvingunaraðgerðir í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga þessara má gera slíkar eignir eða hluti upptæka, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Ráðherra er heimilt í reglugerð og að höfðu samráði við ráðherra sem fer með málefni lögreglu og löggæslu að kveða nánar á um framkvæmd haldlagningar skv. 2. mgr.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

39. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga vegna eftirlits með viðskiptamönnum og raunverulegum eigendum skv. 13. gr. skal samræmast löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og eingöngu vera í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu ekki á listum yfir þvingunaraðgerðir. Önnur vinnsla, notkun eða miðlun er óheimil á grundvelli þessara laga.

Tilkynningarskyldur aðili skal veita nýjum viðskiptamönnum upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga skv. 13. gr. og um tilgang vinnslunnar áður en hann stofnar til samnings-sambands eða áður en einstök viðskipti eru framkvæmd. Að lágmarki skal upplýsa um skyldur

tilkynningarskyldra aðila um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum.

Þrátt fyrir löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga á hinn skráði ekki rétt á að fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar hafa verið skráðar af tilkynningarskyldum aðilum ef slík upplýsingagjöf:

- a. kemur í veg fyrir að tilkynningarskyldur aðili, eftirlitsaðilar samkvæmt lögum þessum eða skrifstofa fjármálagreininga lögreglu geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögnum eða
- b. hindrar greiningar, rannsóknir eða aðrar aðgerðir samkvæmt lögum þessum eða veldur því að vörnum, rannsóknum eða greiningum á brotum á ákvæðum laga þessar sé stefnt í hættu.

Vinnsla og varðveisla persónuupplýsinga skv. 13. gr. telst til almannahagsmuna.

40. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um álagningu dagsekta og stjórnvaldssekta skv. VI. kafla, vörslu frystra fjármuna og efnahagslegs auðs og um ráðstafanir vegna eftirlits skv. 13. gr.

41. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, og lög um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019, úr gildi.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var samið í utanríkisráðuneytinu að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og Skattinn. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildstæð rammalöggjöf um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

Frumvarpið felur í sér að lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008 og lög um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019, verða felld úr gildi og í stað þeirra sett ný heildarlög þar sem á einum stað er fjallað um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, þ.m.t. frystingu fjármuna vegna slíkra aðgerða og um skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, tóku gildi fyrir tæplega fimmtán árum. Á þeim tíma hefur töluvert reynt á framkvæmd laganna sem eru stutt og fjalla fyrst og fremst um innleiðingu alþjóðlegra þvingunaraðgerða hér á landi, þ.m.t. heimild til að setja reglugerðir vegna einstakra þvingunaraðgerða. Þá er stuttlega fjallað um brottfall þvingunaraðgerða, undanþágur og afskráningu aðila af listum yfir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum. Í lögum um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019, eru aftur á móti

ítarleg ákvæði um framkvæmd frystingar fjármuna, skráningu og afskráningu aðila af listum yfir þvingunaraðgerðir. Allt telst þetta eiginleg framkvæmd þvingunaraðgerða. Með því að sameina efni þessara laga í ný heildarlög verður efni tvennra laga sem eru nátengd sett fram í heildarlöggjöf sem stuðlar að skýrleika og gagnsæi.

Lög um framkvæmd þvingunaraðgerða tóku gildi árið 2008 í öðru alþjóðlegu umhverfi en nú er uppi. Á síðustu árum hefur umfang þvingunaraðgerða sem Ísland tekur þátt í stórukist, ekki síst eftir ólögmæta yfirtöku Rússlands á Krímskaga 2014 og innrás Rússlands í Úkraínu 24. febrúar 2022. Mikilvægt er að endurskoða ýmis ákvæði framangreindra laga með hliðsjón af framkvæmd síðustu ára og standa með tryggum hætti að innleiðingu alþjóðlegra skuldbindinga hér á landi. Að miklu leyti er um samræmingu að ræða en einnig er þörf á skýrara lagaákvæði um framkvæmd eignaupptöku þegar kveðið er á um slíkt í þvingunaraðgerðum. Í auknum mæli kveða alþjóðlegar þvingunaraðgerðir á um eignaupptöku, en engin heimild hefur verið fyrir slíku í íslenskum lögum er varða framkvæmd þvingunaraðgerða. Frá innrás Rússa í Úkraínu hefur meðal annars komið til haldlagningar sjófara í eigu aðila sem sæta þvingunum o.fl.

Um upphaflega tilurð laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, vísast til athugasemda við frumvarpið (þskj. 819, 518. mál á 135. lögb.). Lög um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019, voru sett í kjölfar úttektar alþjóðlegra fjármálaaðgerðarhópsins (e. Financial Action Task Force (FATF)) á vörnum Íslands gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem lauk með útgáfu skýrslu í apríl 2018. Niðurstöður þeirrar úttektar leiddu í ljós að ráðast þurfti í umfangsmiklar aðgerðir til að bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar voru og bæta framkvæmd íslenskra stjórnvalda á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Úttektarkýrslan (Mutual Evaluation Report of Iceland 2018) er aðgengileg á vef FATF. Vísað er til úttektarskýrslunnar og tilmæla FAFT í þeirri skýrslu eins og við á í greinargerðinni.

Markmið laga nr. 64/2019 er að samræma löggjöf og starfsreglur að tilmælum FATF og er það markmið áfram haft að leiðarljósi í frumvarpi þessu. Á árinu 2021 birti FATF skýrslu um eftirfylgni með þeim athugasemdum sem gerðar voru í úttektarskýrslunni frá apríl 2018 en þar má sjá að Ísland uppfyllir þau tilmæli sem FATF setti fram í skýrslunni og vörðuðu þau mál-efnasvið sem frumvarp þetta tekur til (tilmæli 6 og 7). Löggjöf hér á landi er nú í samræmi við tilmæli FATF er varða þvingunaraðgerðir og frystingu fjármuna og eru þær lagareglur hér felldar inn í frumvarp til heildstæðra laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með samþykkt frumvarpsins verður í heildarlögum fjallað um innleiðingu og framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, heimild til setningar reglugerða um einstakar þvingunaraðgerðir sem Ísland tekur þátt í, ákveðnar tegundir þvingunaraðgerða, þ.m.t. frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, landgöngu- og yfirflugsbann og bann við framkvæmd krafna, undanþágur frá þvingunaraðgerðum og skráningu og afskráningu aðila á listum yfir þvingunaraðgerðir. Þá er í frumvarpinu einnig fjallað um framkvæmd eftirlits með tilkynningarskyldum aðilum og um eftirlit slíkra aðila með viðskiptamönnum.

Helstu breytingar frá gildandi lögum felast í því að ákvæði laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019, ná nú til allra tegunda þvingunaraðgerða, en ekki aðeins til þvingunaraðgerða sem tengjast hryðjuverkum og geryðingarvopnum. Þannig munu

t.d. sömu reglur gilda um afskráningu aðila af listum yfir þvingunaraðgerðir hvort sem um er að ræða þvingunaraðgerðir vegna hryðjuverka eða alvarlegra mannréttindabrota. Þannig munu sömu skýru og ítarlegu reglur gilda um allar tegundir þvingunaraðgerða og verður réttarstaða aðila sem sæta þvingunaraðgerðum sú sama hvert sem andlag þvingunaraðgerðanna er. Þá bætast við ný ákvæði um landgöngubann, yfirflugsbann og bann við efndum krafna. Landgöngubann og bann við efndum krafna eru ásamt frystingu fjármuna algengustu tegundir þvingunaraðgerða og þykir full ástæða til að fjalla sérstaklega um slíkar aðgerðir í heildarlögunum líkt og gert er um frystingu fjármuna. Í frumvarpinu er fjallað um framkvæmd slíkra þvingunaraðgerða og almennar undanþágur frá þeim. Þá er yfirflugsbanni beitt í þvingunaraðgerðum í auknum mæli og talið rétt að fjalla sérstaklega um framkvæmd og undanþágur vegna slíkra aðgerða

Í I. kafla er kveðið á um markmið, gildissvið og orðskýringar. Markmiðsákvæði frumvarpsins tekur mið af markmiðsákvæðum þeirra laga sem ákvæði frumvarpsins byggjast á. Auk markmiðsgreinarinnar er kveðið á um gildissvið í kaflanum og loks er að finna orðskýringar sem miða að því að gera ákvæði frumvarpsins aðgengilegri.

Í II. kafla er fjallað um þvingunaraðgerðir, þ.m.t. ráðstafanir til að framkvæma ályktanir sem þvingunaraðgerðir byggjast á, innleiðingu þvingunaraðgerða með reglugerðum, almennt um réttindi og skyldur sem fara í bága við þvingunaraðgerðir, brottfall þvingunaraðgerða og undanþágur. Ákvæði kaflans byggjast á ákvæðum 2.–5. gr. og 7.–8. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Í III kafla er fjallað um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við efndum krafna. Ákvæði kaflans byggjast á II. kafla laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarpopna, nr. 64/2019. Í kaflanum er ítarlega útlistað hvernig framkvæma skal frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs auk þess sem kveðið er á um heimild til undanþága frá frystingu í ákveðnum tilfellum. Einnig er tilgreint hvenær og hvernig aflétta skuli frystingu. Loks er mælt fyrir um þær ráðstafanir sem tilkynningarskyldir aðilar þurfa að grípa til, til að meta hvort viðskiptamenn þeirra séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Í kaflanum er jafnframt fjallað um bann við efndum krafna. Slíkt ákvæði hefur ekki áður verið í íslenskum lögum um þvingunaraðgerðir, þrátt fyrir að slíkar aðgerðir hafi verið nefndar á lista yfir mögulegar þvingunaraðgerðir í gildandi lögum. Ákvæðið byggist á 8. gr. reglugerðar nr. 466/2021, um þvingunaraðgerðir gegn alvarlegum mannréttindabrotum, sem sett var með stoð í 4. gr. gildandi laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Í IV. kafla er fjallað um landgöngubann og yfirflugsbann. Í kaflanum eru bæði ákvæði um framkvæmd slíkra þvingunaraðgerða og undanþágur frá þeim. Sambærileg ákvæði hafa ekki áður verið í íslenskum lögum um þvingunaraðgerðir, þrátt fyrir að slíkar aðgerðir hafi verið nefndar á lista yfir mögulegar þvingunaraðgerðir í gildandi lögum. Ákvæðin byggjast á ákvæðum reglugerða um einstakar þvingunaraðgerðir sem settar hafa verið hér á landi, t.d. ákvæðum reglugerðar nr. 466/2021, um þvingunaraðgerðir gegn alvarlegum mannréttindabrotum, og reglugerðar nr. 281/2014, um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, sem settar eru með stoð í 4. gr. gildandi laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Þá hefur verið tekið mið af orðalagi reglugerðar nr. 119/2009, um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, og af leiðbeiningum ráðs Evrópusambandsins um innleiðingu þvingunaraðgerða.

Í V. kafla er fjallað um tilnefningu á og afskráningu af lista yfir þvingunaraðgerðir. Ákvæði kaflans byggjast á III. kafla laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarpopna, nr.

64/2019. Ákvæði gildandi laga hafa verið aðlöguð svo þau taki til allra tegunda þvingunaraðgerða en ekki aðeins fjármögnunar hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna. Þá var einnig tekið mið af 9. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Með ákvæðunum er leitast við að setja fram skýrar reglur um hvernig tilnefning fer fram, hvaða upplýsingar og gögn þurfa að liggja fyrir og hvernig tilkynnt sé um skráningu á lista. Einnig er kveðið á um endurskoðun ákvarðana um skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir og um hvernig ferlinu við afskráningu er háttað.

Í VI. kafla er fjallað um eftirlit og samvinnu stjórnvalda. Ákvæði kaflans byggjast á IV. kafla laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019. Ákvæði kaflans fjalla um eftirlit Fjármálaeftirlitsins og ríkisskattstjóra og samhæfingu og samvinnu á vettvangi stýrihóps á vegum stjórnvalda.

Í VII. kafla er fjallað um þvingunarúrræði og viðurlög vegna tilkynningarskyldra aðila og byggjast ákvæði kaflans á V. kafla laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019.

Í VIII. kafla er fjallað um þvingunarúrræði og viðurlög vegna brota á þvingunaraðgerðum. Ákvæði kaflans taka mið af 10. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Þó er 38. gr. nýmæli þar sem kveðið er á um eignaupptöku eins og rakið er í 2. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga, reglugerðarheimild og gildistöku laganna. Við gildistöku laganna falla niður lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, og lög um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með aðild sinni að Sameinuðu þjóðunum hefur Ísland undirgengist að þjóðarétti að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. þvingunaraðgerðum. Jafnframt hefur Ísland með aðild sinni að fjármálaaðgerðahópnum (FATF) undirgengist að þjóðarétti að samræma íslenska löggjöf, starfsreglur og verklag tilmælum FATF en það er þjóðréttarleg skylda stjórnvalda að gæta að slíku samræmi laga og alþjóðlegra skuldbindinga. Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að tryggja að íslensk löggjöf sé í samræmi við framangreindar þjóðréttarskuldbindingar.

Í 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er fjallað um eignarrétt og friðhelgi hans. Eignarréttarverndin er víðtæk en hugtakið eign hefur verið skilgreint rúmt í dómaframkvæmd og tekur til allra gæða sem bæði fjárhagslegir og andlegir hagsmunir eru tengdir við. Í stjórnarskránni er aðeins kveðið á um skilyrði eignarnáms en ekki um skilyrði almennra takmarkana eignarréttarins. Í framkvæmd hefur þó verið fallist á slíkar takmarkanir eigi þær stöð í lögum og hvíli á almennum hlutlægum sjónarmiðum þannig að jafnræðis og meðalhófs sé gætt, að því tilskildu að slíkar takmarkanir stefni að lögmætum markmiðum. Telja verður ljóst að þau skilyrði séu uppfyllt í frumvarpi þessu. Markmið frumvarpsins er að samræma löggjöf og laga starfsreglur að tilmælum FATF og ályktunum Sameinuðu þjóðanna, sem miða að því að mannréttindi og mannúð séu virt. Takmarkanirnar munu byggjast á skýrri lagaheimild, vera í þágu almannahagsmuna og byggjast á málefnalegum forsendum. Reglurnar eru enn fremur almennar og hlutlægar, og verða ekki taldar bitna óeðlilega þungt á fámennum hópum.

Þær breytingar sem gerðar eru á gildandi lögum með frumvarpinu eru til þess fallnar að stuðla að réttaröryggi og tryggja skýrleika fyrir þá aðila sem kunna að sæta þvingunaraðgerðum, þ.m.t. vegna upptöku eigna. Þá er breytingunum einnig ætlað að gera stjórnvöldum á Íslandi kleift að standa með tryggum hætti að innleiðingu alþjóðlegra skuldbindinga.

5. Samráð.

Við gerð frumvarpsins var haft samráð við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið), Skattinn (ríkisskattstjóra), fjármála- og efnahagsráðuneytið og dómsmálaráðuneytið. Jafnframt voru drög að frumvarpinu kynnt starfshópi um yfirsýn yfir framkvæmd efnahagslegra þvingunarráðstafana vegna innrásar Rússa í Úkraínu.

Framangreindir aðilar settu fram gagnlegar ábendingar sem tekið hefur verið tillit til við gerð frumvarpsins.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is dagana 3.–10. mars 2023 (mál nr. S-54/2023) en engar umsagnir eða athugasemdir bárust. Ráðuneytið átti einnig í beinu samráði við hagaðila fyrir og eftir birtingu frumvarpsdraganna í samráðsgátt til að tryggja beina aðkomu þeirra að frumvarpinu.

6. Mat á áhrifum.

Megintilgangur frumvarpsins er að sameina í ein lög ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, og ákvæði laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019. Þá er talið nauðsynlegt að uppfæra ákvæði framangreindra laga í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á eðli og framkvæmd þvingunaraðgerða síðan lög nr. 93/2008 voru sett, þannig að staðið sé með tryggum hætti að innleiðingu alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ávinningurinn af samþykkt frumvarpsins er að framkvæmd á þessum sviðum verður betur samræmd og skýrari og þar með skapast heildaryfirsýn yfir málaflokkana. Þær breytingar sem gerðar eru frá gildandi lögum tryggja jafnframt að þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir séu innleiddar með réttum hætti, t.d. varðandi eftirlit með raunverulegum eigendum og sérstökum ákvæðum um eignaupptöku, landgöngubann og bann við efnadum krafna. Ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið muni hafa áhrif á útgjöld ríkisins eða leiði til aukins kostnaðar.

Um einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er fjallað um markmið frumvarpsins, gildissvið og loks er í kaflanum að finna orðskýringar sem miða að því að gera ákvæði frumvarpsins aðgengilegri.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um markmið frumvarpsins. 1. tölul. ákvæðisins byggist orðrétt á 1. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Þá var tekið mið af 1. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019, vegna 2. tölul. ákvæðisins. Í 2. tölul. er jafnframt vísað til mannréttindabrota og brota á mannúðarrétti sem ekki var gert í 1. gr. gildandi laga, nr. 64/2019, þar sem þau lög taka aðeins til hryðjuverka og geryðingarvopna, en frumvarpið tekur hins vegar á öllum tegundum þvingunaraðgerða.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er að finna almennt orðað gildissviðsákvæði. Gildissvið frumvarpsins tekur til allra aðila innan íslenskrar lögsögu og íslenskra aðila erlendis, hvar sem þeir eru staddir og er í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar. Frumvarpið nær einnig til íslenskra lögaðila með útibú eða starfsemi erlendis.

Gildissvið laganna gagnvart erlendum lögaðilum takmarkast við athafnir þeirra hér á landi. Útlendingar eru bundnir af lögnum í samræmi við ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ákvæðið er í samræmi við gildissvið gildandi laga sem felld verða brott með frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Ákvæðið hefur að geyma skýringar á nokkrum lykillugtökum í ákvæðum frumvarpsins. Flestallar orðskýringarnar eru í samræmi við 2. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gerðingarpopna, nr. 64/2019. Smávægilegar breytingar voru gerðar á orðalagi í c-lið 4. tölul. til að samræma orðalagið við lög um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, sem sett voru eftir gildistöku laga nr. 64/2019. Þá eru í frumvarpinu tvær nýjar orðskýringar, í 10. tölul., „raunverulegur eigandi“, og í 13. tölul., „yfirflug“. Þá hefur 9. tölul. 2. gr. laga nr. 64/2019 verið fjarlægður úr orðskýringunum þar sem ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, sem vísað var til í þeirri orðskýringu eru hluti af frumvarpinu.

Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um ráðstafanir til að meta hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Byggist ákvæðið á 7. gr. gildandi laga nr. 64/2019. Í 7. gr. gildandi laga er hins vegar aðeins vikið að viðskiptamönnum en ekki að raunverulegum eigendum. Skilgreining á raunverulegum eigendum vísar til sömu skilgreiningar í 13. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.

Í 17. gr. frumvarpsins er fjallað um yfirflugsbann og undanþágur frá slíku banni og hugtakið yfirflug því skilgreint sérstaklega í 13. tölul. 3. gr.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þvingunaraðgerðir, þ.m.t. ráðstafanir til að framkvæma ályktanir sem þvingunaraðgerðir byggjast á, innleiðingu þvingunaraðgerða með reglugerðum, almennt um réttindi og skyldur sem fara í bága við þvingunaraðgerðir, brottfall þvingunaraðgerða og undanþágur. Ákvæði kaflans byggjast á ákvæðum 2.–5. og 7.–8. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þvingunaraðgerðir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 2. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Skv. 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna er öryggisráðinu heimilt að ákveða hvaða aðgerðir, aðrar en hernaðaraðgerðir, skuli viðhafðar til þess að framfylgja ákvörðunum þess, þ.m.t. þvingunaraðgerðir. Slíkar aðgerðir eru bindandi fyrir Ísland skv. 25. gr. sáttmálans. Ákvæði 4. gr. veitir því stjórnvöldum heimild til að uppfylla þessa alþjóðlegu skuldbindingu með því að grípa til þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að framkvæma þvingunaraðgerðir sem öryggisráðið ákveður.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þvingunaraðgerðir alþjóðastofnana annarra en öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og þvingunaraðgerðir sem ákvarðaðar eru af ríkjahópum eða samstarfsríkjum. Ákvæðið byggist á 3. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, en auk núverandi orðalags hefur verið bætt við texta um fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun og útbreiðslu geryðingarvopna, þ.e. umfjöllunarefni gildandi laga nr. 64/2019.

Með þessari heimild geta stjórnvöld í þeim tilvikum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ekki mælt fyrir um bindandi aðgerðir tekið þátt í samstöðu á meðal ríkja um að grípa til aðgerða, sem ekki eru hernaðarlegar, til að takast á við tiltekna ógn við frið, öryggi og mannréttindi í heiminum. Hér gæti verið um að ræða tilmæli frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem eru ekki bindandi eða ákvarðanir eða reglugerðir Evrópusambandsins er varða þvingunaraðgerðir. Reglugerðir sem settar eru um innleiðingu einstakra þvingunaraðgerða hér á landi byggjast almennt á slíkum ákvörðunum eða gerðum Evrópusambandsins, enda um að ræða okkar nánustu samstarfsríki. Þá gæti einnig verið um að ræða ályktun frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) eða ríkjahóps eins og Norðurlandanna um beitingu þvingunaraðgerða. Með ákvæðinu hefur ráðherra heimild, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, til að framkvæma slíkar aðgerðir. Heimildin takmarkast við aðgerðir sem samþykktar eru til að viðhalda friði og öryggi og/eða tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi. Með orðinu „ályktun“ í ákvæðinu er ekki eingöngu átt við eiginlegar ályktanir heldur allar tegundir ákvarðana, hvaða nafni sem þær nefnast, um þvingunaraðgerðir sem alþjóðastofnanir eða ríkjahópar taka.

Í 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, segir að utanríkismálanefnd skuli vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál. Þar sem þátttaka Íslands í þvingunaraðgerðum á grundvelli þessa ákvæðis byggist ekki á þjóðréttarlegri skyldu þykir rétt að ráðherra hafi samráð við utanríkismálanefnd um fyrirætlunina áður en hún er tekin til framkvæmdar. Samráð við utanríkismálanefnd er mikilvægt m.a. vegna þess að við ákvörðun um að taka þátt í alþjóðlegum þvingunaraðgerðum þarf að fara fram ákveðið hagsmunamat þar sem taka verður tillit til sjónarmiða Alþingis. Veigamiklum viðskiptahagsmunum íslenskra aðila gæti verið ýtt til hliðar til að stuðla að friði og öryggi. Þá getur þvingunaraðgerð haft í för með sér skerðingu á mannréttindum, svo sem eignarrétti, ferðafrelsi og athafnafrelsi.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um framkvæmd þvingunaraðgerða, þ.m.t. heimild til að innleiða fyrir-mæli ályktunar um þvingunaraðgerðir með reglugerð. Ákvæðið byggist á 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Í 1. mgr. er fjallað um framangreinda reglugerðarheimild og þar er jafnframt listi yfir mögulegar þvingunaraðgerðir sem slíkar reglugerðir geta kveðið á um. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, heldur er upptalningin sett fram í dæmaskyni. Listanum hefur lítillega verið breytt frá því sem er í gildandi lögum, meðal þess sem bætt hefur verið við listann eru yfirflug og hafnbann og bann við efndum krafna, en slíkar þvingunaraðgerðir eru meðal þeirra þvingunaraðgerða sem innleiddar hafa verið vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Þá hefur e-lið verið breytt þannig að í stað „banns við ferðum einstaklinga“ er talað um landgöngubann sem er það hugtak sem almennt er notað í framkvæmd.

Í 2. mgr. er svo kveðið á um að í reglugerð sem sett er með stoð í ákvæðinu skuli tilgreina hvaða ályktun hún byggist á, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast. Brýnt er að reglugerðin endurspegli þá ályktun um þvingunaraðgerðir

sem liggur að baki þannig að tryggt sé að takmarkanirnar sem gerðar verða gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til þess að ná tilætluðu markmiði.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að birta lista yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða í B-deild Stjórnartíðinda með því að vísa til hans á vefsetri Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Er þetta í samræmi við ákvæði 3. mgr. 4. gr. gildandi laga og núverandi framkvæmd, þó með þeirri breytingu að ekki er lengur gert ráð fyrir því að erlendur frumtexti sé birtur í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda óþýddur, heldur verði aðeins farin sú leið að vísa til lista á vefsetrum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Jafnframt er kveðið á um heimild ráðherra til að kveða á um í reglugerð að breytingar eða uppfærslur lista öðlist sjálfkrafa gildi við uppfærslu eða breytingar á framangreindum vefsetrum. Slík sjálfvirk uppfærsla er einnig í samræmi við gildandi reglugerðir sem innleiða þvingunaraðgerðir, sjá t.d. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 466/2021, um þvingunaraðgerðir gegn alvarlegum mannréttindabrotum.

Astæða þess að farin er sú leið að vísa til lista á vefsetrum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Evrópusambandsins er sú að þessir listar eru oft langir, ítarlegir og taka tíðum breytingum. Má sem dæmi nefna að á lista Evrópusambandsins yfir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum vegna innrásar Rússa í Úkraínu og sem Ísland hefur tekið undir og innleitt eru yfir 1400 einstaklingar og 200 lögaðilar. Þær upplýsingar sem um ræðir eru erlend nöfn, titlar og fæðingarstaðir sem eru oft illþýðanlegar. Sama gildir um lista yfir hluti, tækni og annað viðfang þvingunaraðgerðar sem geta verið mjög tæknilegir og snerta mjög takmarkaðan útflutning. Þá er mikilvægt öryggisatriði að listarnir séu hvorki þýddir né umskrifaðir þar sem slíkt felur í sér hættu á innsláttarvillum eða öðrum mistökum. Einn stafur sem misferst getur breytt nafni aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn þannig að það hringir ekki viðvörðunarbjóllum þegar nafnið kemur upp t.d. hjá bönkum eða við landamæraeftirlit. Þýðingar eru hér á margan hátt tilgangslaugar þar sem ólíklegt er að maður sem þvingunaraðgerð beinist gegn verði auðkenndur af íslenskri þýðingu á persónuupplýsingum um hann. Þýðingar geta enn fremur tafið verulega framkvæmd þvingunaraðgerða sem dregur úr áhrifamætti þeirra.

Í 4. mgr. er svo kveðið á um skyldu ráðuneytisins til að halda skrár um gildandi þvingunaraðgerðir og gegn hverjum þær beinast. Ákvæðið er orðrétt tekið úr 4. mgr. 4. gr. gildandi laga nr. 93/2008.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um réttindi og skyldur sem fara í bága við þvingunaraðgerðir. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 5. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Með því er staðfest að alþjóðlegar þvingunaraðgerðir víkja til hliðar réttindum og skyldum sem stofnað er til áður en þær voru innleiddar í íslenskan rétt. Sama gildir um réttindi og skyldur sem stofnað er til eftir að þvingunaraðgerð hefur verið komið til framkvæmda.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ekki skapist skaðabótaskylda vegna vanefnda á réttindum og skyldum skv. 1. mgr.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um brottfall þvingunaraðgerðar. Ákvæðið er nánast samhljóða 7. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Þar sem þvingunaraðgerð getur falið í sér mikið inngríp í líf einstaklinga eða rekstur lögaðila sem sæta þvingunarað-

gerðum er mikilvægt að þær reglugerðir sem innleiddar hafa verið til að framkvæma þvingunaraðgerð verði felldar úr gildi án tafar eftir að þvingunaraðgerðin sem reglugerðin byggist á hefur verið afturkölluð, fellur úr gildi eða á ekki lengur við.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um undanþágur frá þvingunaraðgerðum. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 8. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Þar sem þvingunaraðgerðir skerða athafnafrelsi aðila og geta þar með haft áhrif á getu þeirra til að afla sér viðurværis geta mannúðarsjónarmið eða aðrar gildar ástæður verið fyrir því að veita undanþágur frá því banni sem þvingunaraðgerð mælir fyrir um. Alþjóðleg framkvæmd tekur tillit til þessa og oft mæla ályktanir um þvingunaraðgerðir fyrir um aðstæður þar sem heimilt er að veita undanþágu.

Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði viðkomandi þvingunaraðgerðar.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við efnendum krafna. Ákvæði kaflans um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs byggjast á II. kafla laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019. Í kaflanum er ítarlega útlístað hvernig framkvæma skal frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs auk þess sem kveðið er á um heimild til undanþága frá frystingu í ákveðnum tilfellum. Einnig er tilgreint hvenær og hvernig aflétta skuli frystingu. Loks er mælt fyrir um þær ráðstafanir sem tilkynningarskyldir aðilar þurfa að grípa til, til að meta hvort viðskiptamenn þeirra séu á listum yfir þvingunaraðgerðir.

Í lokaákvæði kaflans er fjallað um bann við efnendum krafna. Algengt er að í alþjóðlegum þvingunaraðgerðum sé kveðið á um bann við að efna kröfur aðila sem eru á listum yfir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum. Slíkar aðgerðir eru til að mynda í gildi gagnvart ákveðnum aðilum vegna innrásar Rússa í Úkraínu og gagnvart ákveðnum aðilum í Norður-Kóreu. Ákvæðið byggist á ákvæðum gildandi reglugerða um framkvæmd einstakra þvingunaraðgerða þar sem kveðið er á um bann við efnendum krafna, sjá t.d. 8. gr. reglugerðar nr. 466/2021, um þvingunaraðgerðir gegn alvarlegum mannréttindabrotum.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um framkvæmd frystingar fjármuna og efnahagslegs auðs og er ákvæðið nánast samhljóða 4. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Í 1. mgr. er kveðið á um að öllum er skylt að frysta fjármuni og efnahagslegan auð í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Er framangreint í samræmi við tilmæli FATF nr. 6.5 (a) og 7.2 (a). Ákvæði sama efnis er að finna í reglugerð nr. 119/2009, um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Síðari hluti málsgreinarinnar er í samræmi við tilmæli 6.5 (c) um að ríki skuli banna ríkisborgurum sínum, eða öðrum einstaklingum eða lögaðilum innan lögsögu þeirra, að gera fé eða aðrar eignir, efnahagslegan auð eða fjármálaþjónustu, eða aðra tengda þjónustu, aðgengilega, beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, til hagsbóta fyrir tilnefnda

einstaklinga eða lögaðila; lögaðila í eigu eða undir stjórn, beint eða óbeint, tilnefndra einstaklinga eða lögaðila; og einstaklinga eða aðila í fyrirsvari fyrir, eða fyrir hönd á annan hátt, tilnefnda einstaklinga eða lögaðila, nema viðkomandi sé leyfisveitandi, viðurkenndur eða á annan hátt tilkynntur samkvæmt viðeigandi ályktunum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Í 2. mgr. er að finna ítarlegri útlistun á því til hvaða fjármuna og efnahagslega auðs frystingarskylda nær en það eru fjármunir og efnahagslegur auður sem stafar frá og/eða verður til vegna fjármuna og efnahagslegs auðs sem í heild eða að hluta, beint eða óbeint, tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir. Auk þess nær frysting til fjármuna og efnahagslegs auðs aðila sem koma fram fyrir hönd aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir. Er hér komið til móts við kröfur FATF samkvæmt tilmælum nr. 6.5 (b) og 7.2 (b). Frysting fjármuna á grundvelli laganna kemur ekki í veg fyrir að vextir eða sammingsbundnar greiðslur séu lagðar inn á reikningana, sbr. 3. mgr. og athugasemdir FATF við tilmæli 7.5 (a).

Lagt er til í 4. mgr. að þeir sem hafa fryst fjármuni eða efnahagslegan auð á grundvelli 1. mgr. skuli tilkynna það til ráðuneytisins og skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Í gildandi lögum er ekki gerð krafa um að frysting sé tilkynnt skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, en þessi viðbót er til samræmis við tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu sér um greiningu á málum sem varða peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og miðlar greiningum áfram til hlutaðeigandi yfirvalda til frekari meðferðar, svo sem rannsóknar eða saksóknar. Mikilvægt er að kveðið sé á um þetta í frumvarpinu svo að ekki sé vafi á að slík tilkynningarskylda víki þagnarskyldu til hliðar. Jafnframt er kveðið á um að tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka tilkynni um frystinguna til eftirlitsaðila, þ.e. Fjármálaeftirlitsins og ríkisskattstjóra. Ákvæðið kemur til móts við athugasemdir FATF við tilmæli nr. 6.5 (e) og 7.2 (e).

Í 5. mgr. er kveðið á um að frystir fjármunir eða efnahagslegur auður skuli vera í vörslu þess aðila sem framkvæmdi frystinguna, nema ráðherra gefi fyrirmæli um annað. Slík fyrirmæli ráðherra eru stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga og skal því farið að ákvæðum stjórnsýslulaga. Ber viðkomandi aðila að tryggja að fjármunir eða efnahagslegur auður verði ekki með beinum eða óbeinum hætti gerður tiltækur þeim aðila sem frysting beinist að eða honum gert kleift að njóta góðs af þeim. Er framangreint í samræmi við tilmæli FATF nr. 6.5 (c) og 7.2 (c).

Í 6. mgr. er kveðið á um að aðilar sem frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í góðri trú verði ekki bótaskyldir á nokkurn hátt vegna slíkrar ráðstöfunar. Samræmist framangreint tilmælum FATF nr. 6.5 (f) og 7.2 (f).

Í 7. mgr. er tekið fram að ráðuneytið haldi skrá yfir alla frysta fjármuni og efnahagslegan auð sem hefur verið frystur á grundvelli laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Leiðir þetta fyrirkomulag af því að ráðuneytið er sá aðili sem tekur á móti öllum tilkynningum samkvæmt lögnum, sbr. 4. mgr.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um undanþágur frá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs og er ákvæðið er nánast samhljóða 5. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Í greininni er fjallað um undanþágur frá frystingu fjármuna en svipað ákvæði var að finna í 7. gr. reglugerðar nr. 119/2009, um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Með greininni er ætlunin að koma til móts við tilmæli FATF nr. 7.5 (b) þar sem lögð er áhersla á að heimilt sé að veita undanþágu frá frystingu til greiðslu á skuldbindingum sem stofnuðust áður en skylda til frystingar stofnaðist. Í slíkum tilfellum verður að vera tryggt að samningurinn tengist ekki fjárhagsaðstoð, hlutum, tæknilegri aðstoð eða þjónustu samkvæmt skilgreiningum þessara laga, verði frumvarpið óbreytt að lögum, sem eru óheimilir samkvæmt reglugerðum settum á grundvelli laganna og að staðfest sé að greiðslan, beint eða óbeint, renni ekki til aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir. 2. mgr. byggist á 2. mgr. 5. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019. Þar kemur fram áður en undanþága er veitt skuli ráðherra leita álits eða tilkynna, eftir því sem við á, til viðeigandi nefnda eða stofnana með tveggja vikna fyrirvara áður en beiðni um undanþágu verður samþykkt. Það fer eftir því á grundvelli hvaða ákvörðunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frysting hefur verið framkvæmd og hvaða nefnd Sameinuðu þjóðanna er bær móttakandi tilkynninga eða álitsbeiðni. Með þessu ákvæði er verið að koma til móts við tilmæli FATF nr. 6.5 (c), 6.7, 7.2 (c), 7.4 og 7.5 (b).

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um afléttingu frystingar og er ákvæðið tekið orðrétt úr 6. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019.

Í greininni er kveðið á um við hvaða aðstæður beri að aflétta frystingu. Annars vegar skal aflétting fara fram, sbr. 1. mgr., ef aðilar eru afskráðir af lista yfir þvingunaraðgerðir, að því tilskildu að fjármunir hafi ekki verið gerðir upptækir samkvæmt almennum hegningarlögum.

Hins vegar skal aflétta frystingu, sbr. 2. mgr., hafi verið staðfest að fjármunir hafi verið frystir hjá aðila sem ber sama eða svipað nafn og aðili sem skráður er á lista yfir þvingunaraðstafanir og skal þá ráðherra gefa fyrirmæli um að aflétta þvingunarráðstöfunum. Er það í samræmi við tilmæli FATF nr. 6.6 (f) og 7.4 (b). Við mat á því hvort skilyrði þessa þáttar séu uppfyllt skal fara eftir ákvæðum 23. gr. eftir því sem við á. Fyrirmæli ráðherra um afléttingu frystingar er stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga og skal því farið að ákvæðum stjórnsýslulaga

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að senda beri tilkynningar í samræmi við 23. og 24. gr. eftir því sem við á þegar frystingu er aflétt.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ráðstafanir sem tengjast eftirliti með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Ákvæðið byggist að hluta til á 7. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019, en þó eru lagðar til breytingar að því er varðar umræddar ráðstafanir.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um að tilteknum tilkynningarskyldum aðilum samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sé skylt að hafa viðeigandi kerfi og/eða ferla og aðferðir vegna eftirlits með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur þeirra séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Ástæðan fyrir því að skyldan er afmörkuð við þessa tilteknu aðila er sú að starfsemi þeirra er með þeim hætti að meiri líkur eru á að viðkomandi aðilar séu með viðskiptamenn sem kunna að vera á umræddum listum yfir þvingunaraðgerðir.

Í 1. mgr. er gerð krafa um kerfi, ferla og aðferðir. Hvað varðar kerfi er átt við tölvukerfi eða gagnagrunn sem sækir ávallt nýjustu upplýsingarnar um þá sem eru á listum yfir þvingunaraðgerðir. Þá er lögð til viðbótarkrafa frá gildandi lögum um að tilkynningarskyldir aðilar hafi einnig ferla og aðferðir vegna eftirlits með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Lagt er til í 40. gr. frumvarpsins að ráðherra setji reglugerð sem útfærir m.a. nánari kröfur sem gerðar eru til viðeigandi kerfa, ferla og aðferða. Seðlabanki Íslands getur veitt undanþágu frá þeirri kröfu að tilkynningarskyldur aðili hafi kerfi til að hafa eftirlit með því hvort viðskiptamaður og raunverulegur eigandi sé á lista yfir þvingunaraðgerðir. Það getur t.d. átt við í þeim tilvikum þar sem starfsemi er nær eingöngu bundin við Ísland, viðskiptamenn viðkomandi eru aðeins íslenskir ríkisborgarar eða starfsemin er á annan hátt þannig að ekki sé þörf á svo strangri kröfu.

Í 2. mgr. er lagt til að vægari kröfur gildi um tilkynningarskylda aðila skv. i–s lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 vegna eðli starfsemi þeirra og þykir ekki ástæða til að gera kröfu um að þeir fjárfesti í eftirlitskerfi líkt og aðilar skv. a–h-lið sömu greinar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að viðskiptamenn og raunverulegir eigendur skuli skimaðir gagnvart listum yfir þvingunaraðgerðir í upphafi viðskipta og reglulega á meðan samningssambandið varir. Þá skulu aðilar sem eiga aðild að millifærslum fjármuna til og frá erlendum ríkjum skimaðir gagnvart listum yfir þvingunaraðgerðir. Með ákvæðinu er lögð áhersla á að tilkynningarskyldir aðilar sem ákvæðið gildir um þurfi í fyrsta lagi að skima viðskiptamenn og raunverulega eigendur áður en viðskipti hefjast. Í öðru lagi skal skimun fara fram reglulega á meðan samningssambandið varir. Við ákvörðun um hversu reglulega skuli gera þessa könnun skulu tilkynningarskyldir aðilar beita viðeigandi og áhættumiðuðum ráðstöfunum. Það er viðtekin venja að tilkynningarskyldir aðilar viðhafi reglubundið eftirlit með viðskiptamönnum og raunverulegum eigendum sem kunna að sæta þvingunaraðgerðum á sama hátt og vegna einstaklinga með stjórnmalaleg tengsl, sbr. lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, sem felst í því að samkeyra með til þess gerðu kerfi lista yfir viðskiptamenn og raunverulega eigendur við lista yfir þvingunaraðgerðir.

Í þriðja lagi er lagt til nýmæli þess efnis að í tengslum við millifærslu fjármuna til og frá erlendum ríkjum, skuli aðilar sem eiga aðild að millifærslunum skimaðir gagnvart listum yfir þvingunaraðgerðir.

Í 4. mgr. er lagt til að gerð sé krafa um að tilkynningarskyldir aðilar skuli varðveita afrit af gögnum og upplýsingum sem staðfesta að skimun hafi farið fram og að lagt hafi verið mat á niðurstöðu skimunar í þeim tilvikum þegar það á við. Þau tilvik gætu t.d. verið þegar nafn viðskiptamanns eða raunverulegs eiganda kemur upp við skimun og leggja þarf mat á hvort um sannjálkvæða niðurstöðu sé að ræða. Slíkt mat þarf að skjalfesta og varðveita í samræmi við ákvæðið.

5. mgr. ákvæðisins er nýmæli en þar sem kveðið á um að tilkynningarskyldir aðilar skuli tilkynna eftirlitsaðilum, ráðherra og skrifstofu fjármálagreininga lögreglu ef grunur leikur á um að viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi hafi gert ráðstafanir til að komast hjá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs skv. 10. gr. Aðgerðir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum til að komast hjá þvingunaraðgerðum eru brot á slíkum þvingunaraðgerðum og því nauðsynlegt að eftirlitsaðilar og ráðuneytið séu upplýst um slík brot. Þá er jafnframt nauðsynlegt að skrifstofa fjármálagreininga lögreglu sé upplýst um slík mál þar sem að skrifstofunni er ætlað að vinna greiningar á viðskiptum þar sem grunur leikur á um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og miðla þeim greiningum áfram til hlutadeigandi yfirvalda til frekar meðferðar, svo sem rannsóknar eða saksóknar.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um bann við efdum krafna í samræmi við einstakar reglugerðir sem settar eru á grundvelli frumvarpsins. Bannið nær bæði til aðila sem sæta þvingunaraðgerðum sem kveða á um bann við efdum krafna og aðila sem starfa gegnum eða fyrir hönd slíkra aðila.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sönnunarbyrði fyrir því að krafa falli ekki undir 1. mgr. hvíli á þeim sem leitar fullnustu kröfu.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild aðila til að skjóta málum fyrir dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að sammingsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við gildandi þvingunaraðgerð.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um landgöngubann og yfirflugsbann. Í gildandi lögum sem stendur til að fella brott með frumvarpi þessu eru ekki sérstök ákvæði um framkvæmd slíkra þvingunaraðgerða. Hins vegar er landgöngubann ein algengasta tegund þvingunaraðgerða sem innleiddar eru og því mikilvægt að sérstök ákvæði séu í lögum um framkvæmd slíkra aðgerða.

Þá þykir einnig mikilvægt að sérstök ákvæði séu í lögum um framkvæmd yfirflugsbanns en slíkt bann er m.a. hluti af þeim þvingunaraðgerðum sem innleiddar hafa verið vegna innrásar Rússlands í Úkraínu.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um framkvæmd landgöngubanns og skráningu upplýsinga um aðila sem sæta slíkum þvingunaraðgerðum. Þær upplýsingar sem taldar eru upp eru í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins um innleiðingu þvingunaraðgerða sem vísað var til í 3. kafla. Mikilvægt er að allar þær upplýsingar sem fram koma í ákvæðinu séu tilgreindar við skráningu á lista yfir aðila sem sæta landgöngubanni til að koma í veg fyrir að aðgerðirnar bitni á röngum aðilum, t.d. aðila sem ber sama nafn og aðili sem sætir landgöngubanni. Ákvæðið tekur mið af 6. gr. reglugerðar nr. 119/2009, um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, sem og sambærilegum ákvæðum í einstökum gildandi reglugerðum sem innleiða alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Þá var jafnframt tekið mið af 1. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 466/2021, um þvingunaraðgerðir gegn alvarlegum mannréttindabrotum.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um undanþágur frá landgöngubanni. Ákvæðið tekur mið af 6. gr. reglugerðar nr. 119/2009, um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, sem og sambærilegum ákvæðum í einstökum gildandi reglugerðum sem innleiða alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, þ.m.t. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 466/2021, um þvingunaraðgerðir gegn alvarlegum mannréttindabrotum.

Slíkar undanþágur eru almennt tilgreindar í gildandi þvingunaraðgerðum og er ætlað að tryggja að aðilar sem sæta landgöngubanni geti tekið þátt í ráðstefnum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða annarra alþjóðastofnana. Þá eru jafnframt undanþágur tengdar mannúðarástæðum, dómsmálum og pólitískum skoðanaskiptum þegar slíkt eflir með beinum hætti tilgang þvingunaraðgerðar.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu kveðið á um yfirflugsbann og undanþágu frá slíku banni. Samkvæmt ákvæðinu skal banna loftförum að fara í, úr og í gegnum íslenska lofthelgi í samræmi við reglugerðir

sem settar eru á grundvelli laganna. Eins og áður hefur verið nefnt er slíkt yfirflugsbann í gildi gagnvart Rússlandi vegna innrásar Rússlands í Úkraínu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvæðið gildi ekki um nauðlendingu eða yfirflug á grundvelli neyðarástands. Yrði þá að sækja um heimild fyrir slíku samkvæmt lögum um loftferðir, nr. 80/2022.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að veita undanþágu frá 1. mgr., þ.e. undanþágu frá yfirflugsbanni, þegar slíkt er réttlætt af knýjandi mannúðarástæðum.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um tilnefningu á og afskráningu af lista yfir þvingunaraðgerðir. Ákvæði kaflans byggjast á þriðja kafla laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019. Ákvæði gildandi laga hafa þó verið aðlöguð svo að þau taki til allra tegunda þvingunaraðgerða en ekki aðeins vegna fjármögnunar hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna og þannig að tekið sé mið af 9. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Með ákvæðunum er leitast við að setja fram skýrar reglur um hvernig tilnefning fer fram, hvaða upplýsingar og gögn þurfa að liggja fyrir og hvernig tilkynnt sé um skráningu á lista. Einnig er kveðið á um endurskoðun ákvarðana um skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir og um hvernig ferlinu við afskráningu er háttað.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rannsóknir vegna tilnefningar á lista yfir þvingunaraðgerðir og er ákvæðið nánast samhljóða 8. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019. Ákvæði 18. gr. grundvallast að nokkru leyti á 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, þar sem fjallað er um úrræði gegn aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn. Greinin kemur til móts við tilmæli 6.3 í skýrslu FATF frá apríl 2018. Þar kom fram að til staðar þurfi að vera heimild til að afla upplýsinga um aðila sem réttmætar ástæður eru til að ætla að uppfylli skilyrði skráningar á lista yfir þvingunaraðgerðir og að slík rannsókn geti farið fram án þess að þeim aðila sem hún beinist gegn sé tilkynnt um það. Lagt er til að ákvæði 18. gr. heimili að hafin sé rannsókn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála á aðila ef til staðar er réttmætur grundvöllur eða réttmætar ástæður til að ætla að viðkomandi uppfylli skilyrði skráningar á lista í tengslum við þvingunaraðgerð. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna, m.a. til þess að leggja mat á hvort að tilefni sé til að tilnefna viðkomandi á lista yfir þvingunaraðgerðir í samræmi við II. kafla laganna.

Í 2. mgr. er svo lagt til að rannsókn skv. 1. mgr. verði framkvæmd án þess þeim sem hún beinist gegn verði tilkynnt um það. Hér er því um að ræða undanþágu frá ákvæðum laga um meðferð sakamála um að tilkynna beri sakborningi og öðrum hlutaðeigandi um rannsókn og rannsóknaraðgerðir. Mikilvægt er að viðkomandi viti ekki af þeim möguleika að hann gæti endað á lista yfir þvingunaraðgerðir til að honum gefist ekki ráðrúm til að bregðast við og koma eignum og öðru undan áður en hann er skráður. Þeir aðilar, sem gætu lent á listum yfir þá sem þvingunaraðgerð beinist gegn, eru taldir ógna friði, öryggi og virðingu fyrir mannréttindum í heiminum. Þegar kemur að skráningu á lista þá er um að ræða pólitískt mat ríkja eða alþjóðastofnana sem byggist á upplýsingum, t.d. úr skýrslum Sameinuðu þjóðanna eða athugunum leyniþjónusta aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Atferli þessara aðila þarf hins vegar ekki að vera refsivert að lögum. Ólíklegt er að þær upplýsingar sem liggja fyrir um þessa aðila

nægi til að höfða sakamál gegn þeim eða að heimilt sé að leggja þær fyrir dóm. Vegna þessa er ekki víst að íslensk yfirvöld geti gripið til nokkurra öryggisráðstafana eða sambærilegra úrræða gegn slíkum aðilum. Sú rannsóknarheimild sem lögð er til með þessu ákvæði felur í sér takmarkað inngrip í réttindi viðkomandi sem verður að teljast réttlætanlegt út frá þeirri hættu sem þjóðir heims telja að stafi af þeim aðilum sem rannsóknin beinist að og þeim hagsmunum sem eru í húfi.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um tilnefningu aðila á lista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna yfir þvingunaraðgerðir og er ákvæðið nánast samhljóða 9. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019. Ákvæði 19. gr. byggist á tilmælum FATF nr. 6.1 og 6.2 í samræmi við þær athugasemdir sem gerðar voru í úttektarskýrslu FATF frá apríl 2018. Í úttektarskýrslunni kom fram að í íslenskri löggjöf sé ekki að finna ferla til þess að tilnefna aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir, hvorki varðandi tillögu um tilnefningu né um tilnefninguna sjálfa. Enn fremur voru ekki til reglur eða leiðbeiningar um til hvaða atriði skuli líta í þessu ferli. Að lokum vantaði aðferðir í íslenska löggjöf er varða tilkynningu um slíka tilnefningu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Málsgreinar 19. gr. eru átta talsins, þeim er ætlað að bregðast við tilmælum FATF og á sama tíma uppfylla skyldur Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum. Ákvæðið gildir um allar tilnefningar á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Í 1. mgr. er lagt til að embætti ríkislögreglustjóra geri tillögu um tilnefningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir sem senda skuli ráðherra. Í ákvæðinu er að finna níu stafliði þar sem mælt eru fyrir um upplýsingar og gögn sem fylgja skuli tillögunni, eftir því sem við á. Stafliðirnir þarfnast ekki frekari útskýringar.

Í 2. mgr. kemur fram að ráðherra taki ákvörðun um tilnefningu, byggða á tillögu ríkislögreglustjóra, en áður skal hann ráðfæra sig við ráðherra viðkomandi málaflokks og leita frekari upplýsinga, sé þess þörf. Það liggur því fyrir að hin formlega tilnefning berst frá ráðherra en ávallt að fenginni tillögu frá ríkislögreglustjóra. Ákvæði 1. og 2. mgr. samræmast þeim kröfum sem FATF gerir, sbr. tilmæli nr. 6.1 (a–b).

Í 3. mgr. er tekið fram að þagnarskylduákvæði opinberra aðila komi ekki í veg fyrir að veita skuli ráðherra umbeðnar upplýsingar samkvæmt ákvæðinu.

Í 4. mgr. koma fram atriði sem ráðherra er ætlað að taka tillit til við mat á því hvort tilnefna skuli aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir. Þegar tillaga berst frá ríkislögreglustjóra, sbr. 1. mgr., leggur ráðherra mat á tillöguna og við það mat tekur hann m.a. tillit til stafliða a–f í þessari málsgrein.

Í 5. mgr. er áréttað að ráðherra skuli tilnefna aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir ef til staðar er réttmætur grundvöllur eða réttmætar ástæður fyrir tilnefningunni. Hér eru því gerðar mun vægari sönnunarkröfur en við meðferð sakamála. Við mat á tilnefningu á lista yfir þvingunaraðgerðir vegast á tvenns konar mismunandi sjónarmið. Annars vegar almannahagsmunir og hagsmunir sem varða öryggi ríkisins og hins vegar mannréttindi þeirra aðila sem ákvörðun beinist að og varin eru í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands. Í ljósi þess hversu íþyngjandi afleiðingar tilnefning á lista yfir þvingunaraðgerðir hefur er sérstaklega mikilvægt að vandað sé til þeirrar málsmeðferðar sem ákvæðið kveður á um.

Samkvæmt 6. mgr. skulu tilnefningu fylgja allar viðeigandi upplýsingar sem viðkomandi nefndir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna krefjast, þar á meðal upplýsingar sem varpa ljósi á hvaða aðila verið er að tilnefna og hvaða forsendur búa að baki tilnefningunni. Málsgreinin kemur til móts við kröfur FATF í tilmælum 6.1 (d–e).

Ákvæði 7. mgr. mælir fyrir um að ráðherra endurskoði árlega tilnefningar á lista yfir þvingunaraðgerðir. Í ljósi þess hve miklir hagsmunir geta verið undir þegar kemur að skráningu á lista er mikilvægt að ráðherra sé skylt að taka tilnefningar til reglubundinnar endurskoðunar.

Ákvæði 8. mgr. heimila ráðherra að deila upplýsingum sem varða tilnefningar á lista yfir þvingunaraðgerðir með þeim erlendu stjórnvöldum sem hafa það að hlutverki að tilnefna aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir, sama gildir um alþjóða- og Evrópustofnanir sem sinna mála-flokknum.

Um 20. gr.

Ákvæðið er nánast samhljóða 10. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Ákvæðið sem kemur til móts við tilmæli FATF nr. 6.2 (b) og 6.2 (e) fjallar um að tilnefning aðila á innlenda þvingunarlista á grundvelli ályktunar Sameinuðu þjóðanna skuli, eftir því sem við á, fara fram með sama hætti og tilnefning skv. 19. gr. Hafi aðili verið skráður á lista yfir þvingunaraðgerðir samkvæmt ákvæðinu fer frysting þannig fram að nafn viðkomandi aðila er birt án tafar í reglugerð sem kveður nánar á um frystingarskylduna. Mikilvægt er að birting ákvörðunarinnar fari fram eins fljótt og hún liggur fyrir og er þess vegna kveðið á um að fara skuli fram á það að reglugerð þess efnis verði birt án tafar, sem mundi fela í sér að óska eftir flýtibirtingu eða hraðbirtingu sem almennt færi þá fram daginn eftir að tilkynning þess efnis berst Stjórnartíðindum.

Telji stjórnvöld að aðili sem skráður hefur verið á þvingunarlista samkvæmt þessu ákvæði eigi fjármuni eða efnahagslegan auð í öðrum ríkjum kann að vera tilefni til þess að óska eftir því að viðkomandi ríki frysti jafnframt fjármuni og efnahagslegan auð viðkomandi. Slíkrri beiðni skulu fylgja öll viðeigandi gögn.

Um 21. gr.

Ákvæðið er nánast samhljóða 11. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Ákvæðið fjallar um hvernig bregðast eigi við berist ráðherra beiðni frá öðru ríki, ríkjastjórn eða samböndum sem viðkomandi ríki hafa skráð á lista yfir þvingunaraðgerðir. Við mat á því hvort verða eigi við slíkri beiðni ber að fylgja ákvæðum 19. gr. eftir því sem við á, þar á meðal um rökstuðning og sönnunarkröfur en sérstaklega er fjallað um sönnunarkröfur í skýringu við 5. mgr. 19. gr. Í ljósi þeirra ríku hagsmuna sem búa að baki slíkum beiðnum er mikilvægt að afstaða til beiðninnar liggi fyrir eins fljótt og unnt er. Verði orðið við kröfu um frystingu fer hún fram á sama hátt og fjallað er um í 10. gr. Ákvæðið kemur til móts við kröfur FATF í tilmælum 6.2 (a og c–d) og 6.4.

Um 22. gr.

Ákvæðið er nánast samhljóða 12. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Ákvæði 22. gr. er ætlað að setja upp ferla til þess að tilkynna aðila um skráningu hans á lista yfir þvingunaraðgerðir, ásamt öðrum hlutaðeigandi upplýsingum. Ákvæðinu er ætlað að gæta að almennu réttaröryggi og gagnsæi og er í samræmi við málsgrein 24 í leiðbeiningum

FATF um góða starfshætti (International Best Practices: Targeted Financial Sanctions Related to Terrorism and Terrorist Financing (Recommendation 6)).

Í 1. mgr. er fjallað um að ráðherra skuli, eftir því sem unnt er, tilkynna íslenskum ríkisborgurum, einstaklingum sem búsettir eru á Íslandi og lögaðilum með staðfestu á Íslandi hafi þeir verið skráðir á þá þvingunarlista sem fjallað er um í 19. og 21. gr. Skráning á þessa lista fer annaðhvort fram af hálfu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna skv. 19. gr. eða af hálfu erlends ríkis, ríkjasvæða eða sambanda skv. 21. gr. Upplýsingar sem veita ber skráðum aðila eru taldar upp í fimm liðum og skulu vera eins lýsandi og unnt er, að teknu tilliti til upplýsinga sem óheimilt er að veita. Slíkar upplýsingar geta varðað aðferðir sem önnur ríki beita við rannsóknir á aðilum sem stendur til að tilnefna á lista eða aðrar þagnarskyldar upplýsingar.

Samkvæmt 2. mgr. ber ráðherra að tilkynna öllum aðilum sem hafa verið skráðir á innlenda lista skv. 10. gr. um þá þætti sem taldir eru upp í 1. mgr.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um endurskoðun ákvarðana um skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir. 1. mgr. ákvæðisins byggist á 9. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru nýmæli eins og nánar er getið hér að neðan. 4. og 5. mgr. eru svo orðrétt teknar úr 13. gr. laga um frýstingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt aðila sem telur sig ranglega tilgreindan á lista yfir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum til að bera erindi upp við ráðherra um að hann verði fjarlægður af listanum. Ákvæðið byggist á 9. gr. laga nr. 93/2008. Erindið skal vera skriflegt og rökstutt. Þá getur ráðherra ákveðið að styðja slíka kröfu og leggja fram beiðni af hálfu íslenskra yfirvalda um að viðkomandi verði fjarlægður af bannlista. Við slíka ákvörðun skal gæta reglna stjórn-sýslulaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um þau gögn sem fylgja skulu erindi skv. 1. mgr. Er með þessu ætlað að leiðbeina aðila um hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir ráðherra til að taka afstöðu til erindisins. Við skrif á málgreininni var tekið mið af sambærilegum leiðbeiningum í Bandaríkjunum, Bretlandi og annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt var hliðsjón höfð af leiðbeiningum ráðs Evrópusambandsins um innleiðingu þvingunaraðgerða (EU Best Practices for the effective implementation of restrictive measures).

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli hafa 14 daga til að taka ákvörðun eftir að erindi skv. 1. mgr. berst ráðherra. Þar sem þvingunaraðgerðir eru mikið inngrip í líf einstaklinga og rekstur aðila er mikilvægt að fyrir liggi skýr mörk um hversu langan tíma ráðherra hefur til að meta erindi aðila, talið er eðlilegt að slíkt liggi fyrir 14 dögum eftir móttöku erindis. Jafnframt segir í ákvæðinu að ráðherra beri að leiðbeina viðkomandi um þau úrræði sem eru fyrir hendi ef erindi hans er hafnað, t.d. að senda kröfu um að vera fjarlægður af bannlista til miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna sem sett var á fót á grundvelli ályktunar 1730 (2006).

Í 4. mgr. er kveðið á um rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum til að ógildinga skráningu á lista yfir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum. Ákvæði er orðrétt tekið úr 1. mgr. 13. gr. laga nr. 64/2019. Ákvæði þetta er úrræði fyrir framangreinda aðila til að leita réttar síns og fá ákvörðun um skráningu endurskoðaða. Fram kemur að málshöfðun á grundvelli ákvæðisins fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar um skráningu en vegna þeirra íþyngjandi áhrifa sem ákvörðun um skráningu getur haft er lagt upp með að mál samkvæmt ákvæðinu skuli sæta flýtimeðferð í samræmi við XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ákvörðun um skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir verði ekki skotið til æðra stjórnvalds og er ákvæðið tekið orðrétt úr 2. mgr. 13. gr. laga nr. 64/2019.

Um 24. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um afskráningu af lista yfir þvingunaraðgerðir. Ákvæðið er nánast samhljóða 14. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019, að öðru leyti en því að í 1. mgr. hefur verið bætt við nýjum b-lið sem tekur til 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins sem byggist á 9. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Ákvæði 24. gr. er ætlað að koma til móts við tilmæli 6.6 (a–d) og 7.4 (a) í úttektarskýrslu FATF frá apríl 2018. Í tilmælunum kemur fram að í íslenskri löggjöf sé ekki að finna ferla til þess að afskrá aðila af lista yfir þvingunaraðgerðir.

Í 1. mgr. kemur fram að ráðherra hafi heimild til að óska eftir afskráningu að eigin frumkvæði, eða samkvæmt beiðni skráðs aðila. Áður skal hann ráðfæra sig við hlutaðeigandi aðila. Ráðherra hefur þessa heimild ef eitt af fjórum tilgreindum skilyrðum er til staðar: ef hann telur að skilyrði skráningar séu ekki lengur uppfyllt, hafi ráðherra fallist á beiðni um afskráningu skv. 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins, hafi dómstóll í samræmi við 4. mgr. 23. gr. frumvarpsins ákveðið að fella skuli aðila af lista og ef aðili er látinn.

Í 2. mgr. kemur fram að ráðherra skuli fella skráðan aðila af lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 20. gr. ef einhver af ástæðum sem nefndar eru í staflíðum 1. mgr. eru til staðar.

Í 3. mgr. segir að ráðherra skuli fella skráðan aðila af lista yfir þvingunaraðgerðir skv. 21. gr. hafi tilkynning þess efnis borist frá skráningarríki, nema forsendur séu til staðar til að gefa út reglugerð skv. 20. gr.

Í 4. og 5. mgr. er fjallað um form afskráningar og gögn sem fylgja skuli ósk um hana.

Í 6. mgr. er fjallað um tilkynningarskyldu ráðherra um afskráningu til hlutaðeigandi aðila og mælt fyrir um að ráðherra skuli tryggja að gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að aflétta þvingunaraðgerðunum.

Að lokum er ráðherra í 7. mgr. falið að gefa út leiðbeiningar fyrir aðila sem vilja óska eftir afskráningu, sbr. 1. mgr. Gert er ráð fyrir að ráðherra stilli upp leiðbeiningum í samræmi við þær alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru til slíkrar afskráningar. Með þessu er komið til móts við tilmæli FATF nr. 6.6. (d).

Um 25. gr.

Ákvæðið er tekið orðrétt úr 15. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019. Ákvæðið fjallar um þær tilkynningar sem stjórnvöldum ber að senda vegna lista yfir þvingunaraðgerðir og vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til á grundvelli laganna. Ákvæðið kemur til móts við athugasemdir FATF vegna tilmæla nr. 6.5 (d), 6.6 (g) og 7.4 (d).

Í 1. mgr. er lögð skylda á ráðuneytið að tilkynna eftirlitsaðilum, þ.e. Fjármálaeftirlitinu og ríkisskattstjóra, og eftir atvikum öðrum viðeigandi stjórnvöldum, um breytingar á listum og aðgerðir sem gripið hefur verið til á grundvelli laganna. Farin er sú leið að telja ekki upp hvaða önnur stjórnvöld ættu að fá tilkynningu samkvæmt ákvæðinu þar sem viðtakandi tilkynninga er breytilegur eftir því hvaða málefni er um að ræða og því í höndum ráðuneytisins að meta hverju sinni hvort og hvaða stjórnvald ætti að fá tilkynningu ásamt eftirlitsaðilum. Þær tilkynningar sem ráðuneytinu ber að senda eru um skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir og

breytingar sem verða á slíkum listum, sbr. 9.–11. gr. frumvarpsins, tilkynningar um afléttingu frystingar og afskráningu af lista yfir þvingunaraðgerðir.

Í 2. mgr. er lagt til að eftirlitsaðilum verði skylt að áframsenda þær tilkynningar sem þeim berast frá ráðuneytinu til þeirra tilkynningarskyldu aðila sem þeir hafa eftirlit með og leiðbeina þeim um að grípa til viðeigandi aðgerða eftir því sem við á, sem geta m.a. falist í því að frysta fjármuni eða aflétta frystingu.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um eftirlit, samvinnu og samhæfingu. Kaflinn byggist á IV. kafla laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um innlent eftirlit. Ákvæðið er nánast samhljóða 16. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019. Í tilmælum nr. 7.3 í skýrslu FATF kemur fram að löndum beri að hafa úrræði sem tryggja eftirlit og eftirfylgni með því að fjármálastofnanir og aðrir tilkynningarskyldir aðilar fari að ákvæðum laganna auk þess sem tryggja verði að viðurlagaákvæði séu til staðar verði brestur á þessu hjá framangreindum aðilum.

Það er því mikilvægt að haft sé eftirlit með þeim aðilum sem skylt er að framkvæma þvingunaraðgerðir samkvæmt lögum þessum. Ákvæði er varða frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs eru nátengd lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í 1. mgr. er fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands falið að hafa eftirlit með því að þeir aðilar sem falla undir 1. mgr. 38. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, fari að ákvæðum þessara laga. Ríkisskattstjóra er skv. 2. mgr. falið að hafa eftirlit með því að þeir sem falla undir 2. mgr. 38. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fari að ákvæðum laganna. Ákvæði 26. gr. byggist á 38. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimildir eftirlitsaðila til að afla gagna og upplýsinga í tengslum við athugun og eftirlit mála samkvæmt lögnum og aðferða við eftirlit. Ákvæðið byggist á samhljóða ákvæði í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Samkvæmt 4. mgr. er einstaklingum og lögaðilum sem fengið hafa beiðni um gögn eða upplýsingar skv. 3. mgr. óheimilt að upplýsa þriðja aðila um beiðnina. Slík upplýsingagjöf getur valdið réttarspjöllum og unnið gegn markmiðum laganna sem stefnt er að með frumvarpi þessu.

Um 27. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um innlenda samhæfingu og samvinnu stjórnvalda. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 17. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Í 27. gr. er lagt til að samhæfing stjórnvalda vegna verkefna sem falla undir frumvarpið fari fram í stýrihópi sem skipaður er í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Um er að ræða stýrihóp skv. 39. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, en í honum eiga sæti fulltrúar allra helstu stjórnvalda sem koma að málaflökknum. Framangreint er í samræmi við athugasemdir FATF um Ísland í málsgrein 97 og tillögur FATF um góða starfshætti í málsgreinum 14 og 15

(International Best Practices: Targeted Financial Sanctions Related to Terrorism and Terrorist Financing (Recommendation 6)).

Í 2. mgr. er þagnarskyldu aflétt milli fulltrúa í stýrihópi líkt og er gert í 39. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þvingunarúrræði og viðurlög vegna tilkynningarskyldra aðila. Kaflinn byggist á V. kafla laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019. Með tilkynningarskyldum aðilum er átt við aðila sem falla undir 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, en það eru aðilar sem stunda starfsemi er kann að vera notuð til peningabættis, fjármögnunar hryðjuverka eða til að komast hjá öðrum áhrifum þvingunaraðgerða. Þetta eru t.d. fjármálafyrirtæki, gjaldeyrisviðskiptaþjónusta og lögmenn.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um innlenda samhæfingu og samvinnu stjórnvalda. Ákvæðið er nánast samhljóða 18. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Ákvæðið er áréttung á heimildum sem telja verður að eftirlitsaðilar hafi almennt í krafti eftirlitsskyldu sinnar gagnvart tilkynningarskyldum aðilum. Þrátt fyrir að fyrirmæli um úrbætur séu þvingunarúrræði en í eðli sínu ekki viðurlög er ákvæðið staðsett fremst í viðurlagakafla frumvarpsins enda verður úrbótakrafa samkvæmt ákvæðinu eingöngu sett fram ef tilkynningarskyldir aðilar fylgja ekki lögnum í starfsemi sinni. Krafa um úrbætur kemur ekki í veg fyrir beitingu annarra heimilda kaflans, svo sem stjórnvaldssekta. Það fer eftir eðli og umfangi brota hvort úrbótakrafa ein og sér sé viðeigandi eða hvort beita eigi öðrum ákvæðum kaflans samtímis. Þá getur úrbótakrafa orðið forsenda dagsekta skv. 29. gr. fari tilkynningarskyldir aðilar ekki eftir fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um dagsektir. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 19. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Eftirlitsaðilar geta beitt dagsektum við tvenns konar aðstæður. Annars vegar þegar tilkynningarskyldir aðilar verða ekki við kröfum þeirra um úrbætur innan þeirra fresta sem gefnir eru skv. 28. gr. og hins vegar þegar eftirlitsaðilum eru ekki veittar þær upplýsingar og gögn sem þeir telja nauðsynleg við eftirlit og athuganir mála sem falla undir frumvarpið skv. 3. mgr. 26. gr. Dagsektir vegna úrbótakröfu geta eingöngu beinst að tilkynningarskyldum aðilum, en dagsektir þar sem gögnum eða upplýsingum er ekki skilað geta beinst að hverjum þeim sem gagnabeidni eða beiðni um upplýsingar beinist að, þar á meðal tilkynningarskyldum aðilum. Markmið dagsekta er þar af leiðandi að knýja viðkomandi til að gera viðeigandi úrbætur eða til þess að skila umbeðnum gögnum eða upplýsingum.

Í ákvæðinu eru sett fram viðmið sem eftirlitsaðilum er heimilt að taka tillit til við ákvörðun á fjárhæð dagsekta sem lúta aðallega að fjárhagslegum styrk og eðli vanrækslu. Stærð, eðli og umfang tilkynningarskyldra aðila er mismunandi og eðlilegt að taka tillit til þess við ákvörðun á sektarfjárhæð. Dagsektir að fjárhæð 10 þús. kr. á tilkynningarskyldan aðila með ársveltu undir fimm millj. kr. geta haft í för með sér sama hvata til að framkvæma úrbætur eða eftir

atvikum skil á gögnum og upplýsingum og 500 þús. kr. geta haft á tilkynningarskyldan aðila með ársveltu sem nemur hundruðum millj. kr. eða meira. Með því að taka viðeigandi tillit til fjárhagslegs styrkleika við ákvörðun dagsekta eru varnaðaráhrif þeirra aukin.

Samkvæmt 2. mgr. eru ákvarðanir um beitingu dagsekta teknar af þeim eftirlitsaðila sem falið er eftirlit samkvæmt frumvarpinu. Þegar um er að ræða dagsektir gagnvart tilkynningarskyldum aðilum sem falla undir 1. mgr. 38. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, er það Fjármálaeftirlitsnefnd sem er bær til þess að taka ákvörðun um dagsektir en þegar um er að ræða tilkynningarskylda aðila sem falla undir 2. mgr. 38. gr. sömu laga er það ríkisskattstjóri.

Það er meginregla 3. mgr. að álagðar dagsektir falli ekki niður þó svo að farið verði að kröfu eftirlitsaðila um úrbætur eða skil á gögnum eða upplýsingum. Sjálfkrafa niðurfelling þeirra mundi draga verulega úr eða gera að engu þau varnaðaráhrif sem dagsektum er ætlað að hafa. Frá meginreglunni er gerð sú undantekning að Fjármálaeftirlitsnefnd eða eftir atvikum ríkisskattstjóri getur samþykkt lækkun eða niðurfellingu dagsekta. Fara ber með þessa undantekningu með sama hætti og aðrar undantekningar og túlka þröngri lögskýringu. Nauðsynlegt er að eftirlitsaðilar geti tekið tillit til óvæntra eða sérstakra atvika eða aðstæðna sem kunna að koma upp í tengslum við álagningu dagsekta.

Um 30. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um stjórnvaldssektir. Ákvæðið er nánast samhljóða 20. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019. Þá byggist ákvæðið einnig á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvaða brot á lögnum geta sætt stjórnvaldssektum. Stjórnvaldssektir verða lagðar á tilkynningarskylda aðila skv. 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, og eftir atvikum starfsmenn þeirra vegna brota gegn 10. gr. laga þessara. Þá verða lagðar stjórnvaldssektir á tilkynningarskylda aðila skv. a–s-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, og eftir atvikum starfsmenn þeirra vegna brota gegn 13. gr. þessara laga.

Lagt er til í 2. mgr. að við ákvörðun stjórnvaldssekta beri eftirlitsaðilum að taka tillit til allra atvika sem skipta máli. Taldir eru þar upp níu þættir í dæmaskyni og byggist sú upptalning á sambærilegu ákvæði í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjárhæðum stjórnvaldssekta er skipt upp eftir því hvaða tilkynningarskylda aðila er um að ræða.

Lagt er til að lágmarks- og hámarksfjárhæð stjórnvaldssekta þeirra aðila sem tilgreindir eru í 3. mgr. séu hærri en annarra aðila. Þetta eru m.a. fjármálafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki og greiðslustofnanir. Starfsemi þessara aðila er almennt umfangsmeiri en þeirra aðila sem falla undir 5. mgr. og því rétt að kveða á um hærri hámarksfjárhæð sekta vegna brota þeirra. Hvað þessa aðila varðar geta stjórnvaldssektir numið frá fimm millj. kr. til allt að 800 millj. kr. og heimilt er að taka mið af veltu aðila við ákvörðun stjórnvaldssektar, sbr. 4. mgr. Einnig er kveðið á um persónulega ábyrgð þeirra einstaklinga sem starfa innan þessara lögaðila. Sé leitt í ljós að tiltekinn einstaklingur beri persónulega ábyrgð á broti getur eftirlitsaðili lagt á hann stjórnvaldssekt allt frá 500 þús. kr. til 625 millj. kr.

Í 5. mgr. er kveðið á um stjórnvaldssektir á tilkynningarskylda aðila sem falla undir i–u-lið 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, og einstaklinga sem starfa innan þessara lögaðila, þar sem það á við. Starfsemi þessara aðila er

almennt umfangsminni en þeirra aðila sem falla undir 3. mgr. og því rétt að kveða á um lægri lágmarks- og hámarksfjárhæð stjórnvaldssekta vegna brota þeirra.

Aðrar málsgreinar ákvæðisins þarfnast ekki skýringa. Þær eru hefðbundin viðurlagaákvæði sem eiga sér fyrirmynd í viðurlagaákvæðum á fjármálamarkaði, t.d. lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.

Um 31. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um sátt. Ákvæðið er nánast samhljóða 21. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019.

Greinin byggist á 111. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og 47. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.

Um 32. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um eignaupptöku. Slíkt ákvæði er hvorki að finna í lögum um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019, né í lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til að gera upptæka hluti samkvæmt almennum hegningarlögum. Þá er jafnframt kveðið á um heimild til að gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Er þetta gert til að tryggja að eignum verði ekki komið undan og þannig m.a. komið í veg fyrir fullnustu sekta samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um réttinn til að fella ekki á sig sök. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 22. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019.

Greinin er samhljóða 112. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og 48. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um frest til að leggja á stjórnvaldssektir. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 23. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019.

Greinin er að mestu samhljóða 112. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og 49. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Tilkynning um upphaf rannsóknar skv. 2. mgr. getur m.a. falist í því að eftirlitsaðili kalli eftir skýringum eða gögnum varðandi tiltekna háttsemi. Ekki er nauðsynlegt að í erindi komi sérstaklega fram að um upphaf rannsóknar sé að ræða.

Um 35. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um málshöfðunarfrest. Ákvæðið er nánast samhljóða 24. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019.

Greinin byggist á 2. mgr. 11. gr. og 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og 52. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.

Um 36. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um málshöfðunarfrest. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 25. gr. laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, nr. 64/2019.

Ákvæðið byggist á 53. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Birtingu viðurlaga er ætlað að hafa varnaðaráhrif þar sem brot á lögum geta haft áhrif á orðspor og trúverðuleika viðkomandi aðila og þar með vilja neytenda og annarra til að eiga viðskipti við hann. Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands er skv. 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum sem byggjast á lögnum. Sú heimild er almennari en sú birting sem lögð er til í þessu ákvæði auk þess sem um heimild en ekki skyldu er að ræða.

Eftirlitsaðilum er skv. 1. mgr. skylt að birta á vef sínum upplýsingar um viðurlög sem beitt hefur verið á grundvelli laganna, þ.e. upplýsingar um stjórnvaldssektir og sáttir. Birting skal fara fram eins fljótt og unnt er eftir að brotlegum aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðunina. Ekki er hægt að kveða á um það með algildum hætti hversu langur tími megi líða frá töku ákvörðunar þar til hún er birt en miðað við orðalag ákvæðisins er ljóst að svigrúmið er lítið og skal birting að jafnaði fara fram innan örfárra daga nema um óyfírstíganlegar hindranir sé að ræða. Veita skal upplýsingar um tegund og eðli brots og nafn þess lögaðila eða einstaklings sem viðurlagaákvörðun beindist að.

Í 2. mgr. er kveðið á um undantekningu frá skyldu eftirlitsaðila til að birta viðurlagaákvörðanir. Hér er um að ræða sömu undantekningar og tilgreindar eru í 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Áréttað er að hér er um undantekningu frá meginreglu 1. mgr. að ræða. Hafi eftirlitsaðilar komist að þeirri niðurstöðu að undantekningar ákvæðisins eigi við hafa þeir val um þjár leiðir. Í fyrsta lagi að fresta birtingu alfarið þar til undantekningar eiga ekki lengur við. Í öðru lagi að birta tilkynningu um tegund og eðli brots en fresta nafngreiningu þar til undantekningar eiga ekki lengur við. Í þriðja lagi að birta enga tilkynningu.

Ákveði aðili sem beittur hefur verið viðurlögum að bera niðurstöðu ákvörðunarinnar undir dómstóla skulu eftirlitsaðilar birta á vef sínum upplýsingar um að ákvörðun þeirra hafi verið kærð svo og upplýsingar um niðurstöðu dómsmálsins þegar það liggur fyrir.

Viðurlagaákvörðanir sem hafa verið birtar á vef eftirlitsaðila skulu vera aðgengilegar að lágmarki í fimm ár með þeirri undantekningu að afmá skal persónugreinanlegar upplýsingar ef áframhaldandi birting þeirra byggist ekki á málefnalegum ástæðum. Við mat á því hvort málefnalegar ástæður eru fyrir hendi ber að taka mið af persónuverndarlögum.

Samkvæmt 5. mgr. ber eftirlitsaðilum að birta opinberlega þá stefnu sem þeir fylgja við framkvæmd birtingar. Ekki er gerð krafa um að eftirlitsaðilar setji sameiginlegar reglur en ætla má að efni þeirra verði sambærilegt.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um viðurlög vegna brota gegn þvingunaraðgerðum. Kaflinn byggist á 10. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Í VIII. kafla var fjallað um brot tilkynningarskyldra aðila, þ.e. þegar þeir uppfylla ekki skyldur sínar varðandi eftirlit með viðskiptamönnum eða vinna gegn markmiðum þvingunaraðgerða. Í IX. kafla er

hins vegar fjallað um viðurlög þegar að aðilar brjóta gegn ákvæðum þvingunaraðgerða, þ.m.t. eiga í viðskiptum við aðila sem sæta þvingunaraðgerðum, t.d. með sölu hluta eða vopna þegar slíkt er bannað samkvæmt reglugerð sem innleiðir þvingunaraðgerðir.

Um 37. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um viðurlög vegna brota á gildandi þvingunaraðgerðum. Ákvæðið er tekið orðrétt úr 10. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008. Hins vegar hefur 4. mgr. 10. gr. gildandi laga verið færð og er nú hluti 38. gr. þessa frumvarps.

Viðurlagaákvæðið er svokallað eyðuákvæði. Það lýsir ekki sjálft þeim brotum sem talin verða refsiverð heldur fær það efnislegt inntak sitt frá þeim ákvæðum sem það vísar til. Ekki er unnt að sjá fyrir nákvæmlega hvaða athafnir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, aðrar alþjóðastofnanir eða ríkjahópar kunna að banna með þvingunaraðgerðum og þar með leggja fyrir viðkomandi ríki að þau geri refsiverðar. Því verður að láta nægja að afmarka með lögum þau svið athafna sem heimilt er að banna með reglugerð, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, en hafa nánari útfærslu verknaðarlýsingar í reglugerð. Þess má geta að þessi aðferð uppfyllir kröfur Evrópudómstólsins til skýrleika refsheimilda. Þar sem þvingunaraðgerðir skila mestum árangri ef framkvæmd þeirra er samræmd þykir skynsamlegt að íslenska aðferðin við að innleiða þvingunaraðgerðir taki mið af þeirri framkvæmd sem tíðkast í Evrópu, einkum annars staðar á Norðurlöndunum.

Hnattvæðing og vaxandi umsvif íslenskra aðila erlendis valda því að Ísland hefur ríka öryggishagsmuni af því að þvingunaraðgerðir séu virtar og nái markmiðum sínum. Refsingar við því að brjóta gegn banni sem þvingunaraðgerð mælir fyrir um verða að vera í samræmi við þessa þróun og þá hagsmuni sem eru í húfi.

Með ákvæðinu er einnig lagt til að gera lögaðilum refsingu óháð því hvort sekt verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann hans. Ef fyrirsvarsmaður eða starfsmaður lögaðila er sekur um brot er hægt að gera bæði viðkomandi einstaklingi og lögaðilanum refsingu ef brotið var í þágu lögaðilans.

Sú staða getur komið upp að þrátt fyrir að alþjóðleg ályktun um þvingunaraðgerð sé ekki lengur í gildi sé sú reglugerð sem framkvæmir ályktunina enn bindandi gagnvart íslenskum aðilum. Þetta kemur til af því, eins og getið er að framan, að það þarf sjálfstætt ákvæði í reglugerð eða atbeina ráðherra til að fella reglugerð úr gildi. Refsing verður ekki gerð fyrir brot sem er framið við slíkar aðstæður.

Um 38. gr.

Ákvæði 38. gr. byggist á 4. mgr. 10. gr. Kveðið er á um heimild til að gera upptæka hluti samkvæmt almennum hegningarlögum. Þá er jafnframt kveðið á um heimild til að gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Er þetta gert til að tryggja að eignum verði ekki komið undan og þannig m.a. komið í veg fyrir fullnustu sekta samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er heimild fyrir haldlagningu tiltekinna hluta eða eigna sem eru í vörslu aðila þegar kveðið er á um slíkt í reglugerð sem innleiðir þvingunaraðgerð. Slík haldlagning er meðal annars hluti þeirra þvingunaraðgerða sem innleiddar hafa verið vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Slíkt ákvæði hefur hins vegar ekki verið fyrir hendi í íslenskum lögum. Vinna hefur átt sér stað innan Evrópusambandsins við að uppfæra tilskipun 2014/42/ESB sem fjallar um frystingu og upptöku hluta og ágóða af glæpum í Evrópusambandinu, þannig að ákvæðin taki líka til þvingunaraðgerða. Gildandi tilskipun er ekki hluti af EES-samningnum en edlilegt verður að þykja að mið verði tekið af uppfærði tilskipun þegar hún verður birt varðandi sambærilega framkvæmd hér á landi.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um haldlagningu skv. 2. mgr. að höfðu samráði við þann ráðherra sem fer með málefni lögreglu og löggæslu, og þar með framkvæmd haldlagningar. Eins og rakið er að ofan er eðlilegt að slíkar reglur taki mið af framkvæmd Evrópusambandsins, enda eru flestar þvingunaraðgerðir sem innleiddar eru hér á landi byggðar á gerðum Evrópusambandsins. Í slíkri reglugerð yrði þá kveðið nánar á um framkvæmd haldlagningar, geymslu þeirra hluta eða eigna sem hald hefur verið lagt á og eins og við á um skil á hlutum og eignum eftir að þvingunaraðgerð fellur úr gildi.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga, reglugerðarheimild og gildistöku.

Um 39. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga vegna eftirlits með viðskiptamönnum og raunverulegum eigendum skv. 13. gr. frumvarpsins. Ákvæðið byggist á 29. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ekki er sérstaklega kveðið á um vinnslu persónuupplýsinga í gildandi lögum. Þar sem löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda um sérhverja vinnslu persónuupplýsinga sem ætlað er að verði hluti af skrá verður að telja að meðferð og vinnsla persónuupplýsinga vegna skimunar viðskiptamanna og raunverulegra eigenda á listum yfir þvingunaraðgerðir þurfi að samræmast þeim lögum. Ákvæðið er því áréttung á því að löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gildi þegar unnið er með persónuupplýsingar sem aflað hefur verið að teknu tilliti til þeirra frávika sem frumvarpið kveður á um.

Í 1. mgr. er afmarkað að vinnsla persónuupplýsinga sé eingöngu heimil í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu ekki á listum yfir þvingunaraðgerðir, öll önnur vinnsla, notkun eða miðlun er óheimil.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilkynningarskyldum aðilum sé skylt að upplýsa nýja viðskiptamenn um vinnslu persónuupplýsinga og tilgang hennar. Með ákvæðinu er áréttuð fræðsluskylda tilkynningarskyldra aðila sem leiðir af persónuverndarlögum.

Í 3. mgr. er kveðið á um tvenns konar takmarkanir á upplýsingarétti skráðs aðila. Í fyrsta lagi er um að ræða undantekningu þegar upplýsingagjöf kemur í veg fyrir að tilkynningarskyldur aðili, eftirlitsaðili eða lögregla geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögnum. Í öðru lagi er um að ræða undantekningu þegar að upplýsingagjöf hindrar greiningar, rannsóknir eða aðrar aðgerðir samkvæmt lögnum eða stefnir greiningu á brotum í hættu. Mat á því hvort þær aðstæður sem ákvæðið tilgreinir séu til staðar er í höndum þess aðila sem beiðni um upplýsingar er beint til. Matið getur m.a. byggst á grun um þátttöku hins skráða aðila í refsiverðri háttsemi eða fyrirmælum eftirlitsaðila eða skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Þar sem um undantekningu frá upplýsingarétti skráðs aðila er að ræða þarf að gæta varfærni við slíkt mat. Skráður aðili sem hafnað er um upplýsingar á grundvelli þessa ákvæðis getur borið slíka ákvörðun undir Persónuvernd.

Í 4. mgr. kemur svo fram að vinnsla persónuupplýsinga skv. 13. gr. teljist til almannahagsmuna. Skv. 5. tölul. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, er heimilt að vinna persónuupplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna.

Um 40. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd frumvarpsins. Er þessi heimild í samræmi við gildandi lög. Byggt á slíkri heimild í lögum um

framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, hefur til að mynda verið sett reglugerð nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd slíkra þvingunaraðgerða. Gert er ráð fyrir að sambærileg reglugerð verði sett verði frumvarp þetta að lögum.

Um 41. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um gildistíma og að gildandi lög um framkvæmd þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, og lög um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna, nr. 64/2019, falli úr gildi. Eins og fram kemur hér að framan þá er tilgangur frumvarps þessa að sameina ákvæði þessara laga í ein lög til að samræma og skýra framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, þ.m.t. frystingu fjármuna.